

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 4

31. árgangur

18.1.2024

I	EES-STOFNANIR	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2024/EES/4/01	Ákvörðun eftirlitsstofnunar eða Nr. 086/23/COL frá 21. júní 2023 um meinta ríkisaðstoð við Gagnaveitu Reykjavíkur (Ísland)	1
2024/EES/4/02	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 125/23/COL	24
2024/EES/4/03	Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í EFTA-ríkjunum; vextirnir gilda frá 1. október 2023	25
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	ESB-STOFNANIR	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/4/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11143 – CMA CGM/BOLLORE LOGISTICS)	26
2024/EES/4/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11152 – TERNA/MAURO MIGLIAZZI/DXT/WESII) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2024/EES/4/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11332 – PSP/MACQUARIE/ART/LSSA/LSWA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	28
2024/EES/4/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11338 – BAOSTEEL/MITSUI/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	29
2024/EES/4/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11366 – FIVE ARROWS/TA ASSOCIATES/AGILIO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	30

2024/EES/4/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11369 – TA ASSOCIATES/ WARBURG PINCUS/EXERCITE GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	31
2024/EES/4/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11396 – PIRELLI/PIF/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	32
2024/EES/4/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11404 – PG/VELVET CARE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	33
2024/EES/4/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11051 – VOLVO/RENAULT/FLEXECO JV)	34
2024/EES/4/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11055 – EQUITIX/CUBE/RIVER RIDGE)	34
2024/EES/4/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11076 – TOTALENERGIES/TOTAL EREN)	35
2024/EES/4/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11284 – PRAX/OIL!)	35
2024/EES/4/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11290 – INEOS/SINOPEC/ABS JV)	36
2024/EES/4/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11300 – CINVEN/SYNLAB)	36
2024/EES/4/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11311 – CAI/BANQUE DEGROOF PETERCAM)	37
2024/EES/4/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11374 – BUCKLAND/HY24 INVESTOR/ICE)	37
2024/EES/4/20	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti sem gilda frá 1. janúar 2024	38
2024/EES/4/21	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	39
2024/EES/4/22	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	40
2024/EES/4/23	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH))	41

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2024/EES/4/01

Nr. 086/23/COL frá 21. júní 2023

um meinta ríkisaðstoð við Gagnaveitu Reykjavíkur (Ísland)

[Útgáfa án trúnaðarupplýsinga]

[Upplýsingar innan hornklofa eru bundnar þagnarskyldu]

Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“),

með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 61. og 62. gr.,

bókunar 26 við EES-samninginn,

samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókun 3“), einkum 5. mgr. 7. gr. og 14. gr. II. hluta, og

eftir að hafa óskað eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum ⁽¹⁾, og að teknu tilliti til athugasemda þeirra, að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmæðferð

1.1 Kvörtunin og hin formlega rannsókn

- (1) Síminn hf. („kvartandi“) lagði fram með bréfi dags. 26. október 2016 ⁽²⁾ kvörtun varðandi meinta ríkisaðstoð Orkuveitu Reykjavíkur („OR“) við dótturfyrirtæki sitt Gagnaveitu Reykjavíkur („GR“) ⁽³⁾.
- (2) ESA hóf formlega rannsókn á málinu með ákvörðun nr. 086/19/COL („ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn“) ⁽⁴⁾. Málsmæðferðinni fram að því að ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn var samþykkt er lýst í 2. hluta ákvörðunarinnar.
- (3) ESA hóf formlega rannsókn að því er varðar eftirfarandi fjórar ráðstafanir (nefndar einu nafni „ráðstafanir“) ⁽⁵⁾:

Ráðstöfun 1: að greiða OR ekki markaðsvexti af ívilnun sem GR hlaut með tímabundinni frestun á vaxtagreiðslum.

Ráðstöfun 2: óbein fjármögnun af hálfu OR sem rann til GR til lagningar á ljósleiðaraneti í sveitarfélaginu Ölfusi.

Ráðstöfun 3: skammtímalánveiting OR til GR.

Ráðstöfun 4: skilyrði í lánsamningum GR við einkalánveitendur um að OR yrði áfram meirihlutaeigandi í GR.

⁽¹⁾ Ákvörðun nr. 086/19/COL frá 5. desember 2019 um að hefja formlega rannsókn varðandi Gagnaveitu Reykjavíkur (Stjtið. ESB C 40, 6.2.2020, bls. 16 og EES-viðbætur nr. 8, 6.2.2020, bls. 17).

⁽²⁾ Skjal nr. 825150 og viðaukar 1 til 43 (skjöl nr. 825151, 825152, 825152, 825153 og 825156).

⁽³⁾ Hinn 12. október 2021 var nafni GR breytt í nafnið Ljósleiðarinn.

⁽⁴⁾ Sjá neðanmálsgrein (1).

⁽⁵⁾ Ráðstafanirnar eru tilgreindar í 97. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn sem ráðstafanir i) til iv).

- (4) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var það bráðabirgðamat ESA að ráðstafanirnar teldust ríkisaðstoð og lét eftirlitsstofnunin í ljós efasemdir um að ráðstafanirnar samrýmdust framkvæmd EES-samningsins. Ráðstafanirnar eru útskýrðar nánar í undirkafla 2.4.
- (5) ESA bauð íslenskum stjórnvöldum að leggja fram athugasemdir sínar fyrir 6. janúar 2020 í 113. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn. ESA birti einnig samantekt á meginefni málsins og gaf hagsmunaaðilum kost á að leggja fram athugasemdir innan mánaðar frá þeirri birtingu ⁽⁶⁾.
- (6) Íslensk stjórnvöld lögðu fram athugasemdir með bréfi dags. 5. mars 2020 ⁽⁷⁾ við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn, og voru þær lagðar fram í formi bréfs dags. 4. mars 2020 ásamt viðaukum frá GR og OR ⁽⁸⁾. Enginn annar hagsmunaaðili kom athugasemdum á framfæri við ESA.
- (7) ESA sendi íslenskum stjórnvöldum formlega beiðni um upplýsingar með bréfi dags. 4. nóvember 2021 ⁽⁹⁾. Íslensk stjórnvöld svöruðu beiðninni með bréfi dags. 14. janúar 2023 ⁽¹⁰⁾, og lögðu fram viðbótarupplýsingar með bréfi dags. 21. janúar 2022 ⁽¹¹⁾.
- (8) ESA óskaði eftir frekari upplýsingum frá íslenskum stjórnvöldum með bréfi dags. 14. mars 2023 ⁽¹²⁾. Íslensk stjórnvöld sendu svar við þeirri beiðni með bréfi dags. 25. apríl 2023 ⁽¹³⁾. Íslensk stjórnvöld lögðu fram viðbótarskýringar með bréfi dags. 9. júní 2023 ⁽¹⁴⁾.

2 Aðdragandi málsins

2.1 Aðstoðarþegi

- (9) GR er fjarskiptafélag stofnað árið 2007 sem er að fullu í eigu OR ⁽¹⁵⁾. OR er opinbert fyrirtæki stofnað skv. lögum nr. 139/2001 ⁽¹⁶⁾, og í eigu sveitarfélaganna Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar ⁽¹⁷⁾. GR var sett á laggirnar sem sjálfstæður lögaðili til að uppfylla kröfur Póst- og fjarskiptastofnunar á Íslandi („PFS“) ⁽¹⁸⁾ um aðskilnað samkeppnisrekstrar OR frá annarri starfsemi OR ⁽¹⁹⁾.
- (10) OR er með starfsemi í gegnum ýmis dótturfyrirtæki sem varðar framleiðslu og sölu á rafmagni, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu ⁽²⁰⁾. Dótturfyrirtæki þess GR ⁽²¹⁾ starfrækir fjarskipta- og gagnaflutningskerfi á Íslandi. Fyrirtækið selur heildsöluaðgang að ljósleiðarakerfi sínu til þjónustuveitenda á smásölumarkaði sem selja mismunandi aðgang um fastanet og gagnaflutningsþjónustu.

2.2 Kvartandi – Síminn hf.

- (11) Kvartandi er fyrirtæki sem selur lausnir í fjarskiptaþjónustu á Íslandi. Um er að ræða m.a. farsíma- og fastanetsþjónustu við heimili og fyrirtæki. Á þeim tíma er kvörtunin var lögð fram við ESA var kvartandi móðurfyrirtæki Milu ⁽²²⁾, fyrirtækis sem átti og starfrækta fjarskiptakerfi sem náði um allt land.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB 40, 6.2.2020, bls. 16 og EES-viðbætur nr. 8, 6.2.2020, bls. 17.

⁽⁷⁾ Skjal nr. 1118756.

⁽⁸⁾ Skjal nr. 1118758.

⁽⁹⁾ Skjal nr. 1262677.

⁽¹⁰⁾ Skjal nr. 1262679.

⁽¹¹⁾ Skjöl nr. 1264404 og 1264406.

⁽¹²⁾ Skjal nr. 1343794.

⁽¹³⁾ Skjal nr. 1369194.

⁽¹⁴⁾ Skjal nr. 1378355.

⁽¹⁵⁾ Sjá skipurit OR.

⁽¹⁶⁾ Sjá greinargerðina með lögum nr. 136/2013.

⁽¹⁷⁾ Sjá lög nr. 136/2013.

⁽¹⁸⁾ PFS varð Fjarskiptastofa 1. júlí 2021.

⁽¹⁹⁾ Ákvörðun PFS nr. 10/2006 frá 13. nóvember 2006.

⁽²⁰⁾ Sjá skipurit OR.

⁽²¹⁾ Sjá Samþykktir GR.

⁽²²⁾ Ardian France SA keypti Milu af Símanum 15. september 2022.

2.3 Regluhverfið sem um ræðir

- (12) Fram til 1. júlí 2021 var kveðið á um valdsvið PFS á sviði fjarskipta ⁽²³⁾ í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, sem innleiddu regluverk Evrópusambandsins á sviði fjarskipta ⁽²⁴⁾. PFS tryggir m.a., í samræmi við 36. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 („fjarskiptalög“) ⁽²⁵⁾, að tekjur af annarri starfsemi séu ekki nýttar til þess að greiða niður samkeppnisstarfsemi á sviði fjarskipta.
- (13) Skyldur PFS við framfylgd 36. gr. felast m.a. í að skoða fjárfestingar OR á fjarskiptamarkaði og viðskiptasambandið milli GR og OR. Slíkar úttektir geta hafist að frumkvæði PFS eða í kjölfar kvartana hagsmunaaðila. GR er einnig skylt að tilkynna sérstakar ráðstafanir, s.s. hluta-fjárukningu ⁽²⁶⁾, til PFS til þess að fá fyrirframsamþykki og hagsmunaaðilar geta átt aðild að slíkum málum ef þeir sýna fram á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af niðurstöðu málsins ⁽²⁷⁾.

2.4 Málsvik varðandi ráðstafanirnar

2.4.1 Ráðstöfun 1

- (14) OR og GR undirrituðu rammasamning 8. mars 2007 („rammasamningurinn“) ⁽²⁸⁾. Nokkrir samningsviðaukar eru við rammasamninginn, m.a. samningsviðauki 4 „lánssamningur í erlendra mynt“ („samningsviðaukinn“), sem kvað á um lán OR til GR ⁽²⁹⁾. ESA mun vísa til umræddra skjala sem rammasamningsins og samningsviðaukans.
- (15) Samkvæmt rammasamningnum og samningsviðaukanum átti GR að greiða OR lánið á 12 ára endurgreiðslutíma með 24 gjalddögum, hinn 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrstu 14 gjalddagana yrði aðeins um vaxtagreiðslur að ræða. Fyrsti gjalddagi vaxtagreiðslu var 1. nóvember 2007. Endurgreiðsla höfuðstóls átti ekki að hefjast fyrr en 1. nóvember 2014 og síðan 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Síðasti gjalddagi fyrir bæði vexti og innborgun á höfuðstól var fyrirhugaður 1. maí 2019.
- (16) Var það niðurstaða PFS í ákvörðun sinni nr. 32/2008 frá 30. desember 2008 ⁽³⁰⁾ að lánstíminn í rammasamningnum og samningsviðaukanum skyldi stytur úr 12 í fimm ár. Gjald dagar vaxtagreiðslna skyldu vera svipaðir því sem samið var um í samningsviðaukanum sem upphaflega var undirritaður og uppgjör höfuðstóls skyldi fara fram 1. maí 2012.
- (17) Hinn 1. október 2009 undirrituðu GR og OR viðauka sem breytti gildistíma rammasamningsins og samningsviðaukans úr 12 árum í fimm ár. Var þetta í samræmi við ákvörðun PFS nr. 32/2008. Í viðaukanum var mælt fyrir um að lokagjalddaginn yrði í maí 2012 og tiltekið að lántaki skyldi endurgreiða skuldina að fullu ásamt áföllnum vöxtum fyrir 1. maí 2012.
- (18) Hinn 25. nóvember 2009 gerði lánveitandinn GR lánssamning í formi lánalínu („lánalínusamningurinn“) ⁽³¹⁾ við NBI Ltd. (áður Landsbankinn), sem var lánveitandinn. Lánalínusamningurinn hljóðaði upp á 1.400 m.kr. og var lokadagur 15. júlí 2011 ⁽³²⁾.

⁽²³⁾ Lögin eru ekki lengur í gildi. Núgildandi lög eru lög um Fjarskiptastofu nr. 75/2021.

⁽²⁴⁾ Regluverkið samanstendur aðallega af pakka fimm tilskipana og tveggja reglugerða: Rammatilskipun 2002/21/EB (Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 33); tilskipunin um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum 2002/19/EB (Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 7); tilskipun um bætta regluramma 2009/140/EB (Stjtið. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 37); tilskipun um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu 2002/20/EB (Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 21); tilskipun um alþjónustu 2002/22/EB (Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 51); reglugerð um hóp evrópskra eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) (Stjtið. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 1); og reglugerð um reiki á almennum farnetum (Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10).

⁽²⁵⁾ Lögin eru ekki lengur í gildi. Núgildandi lög eru lög nr. 70/2022.

⁽²⁶⁾ Ákvörðun PFS nr. 14/2010 frá 21. maí 2010.

⁽²⁷⁾ Ákvörðun PFS nr. 20/2013 frá 10. október 2013.

⁽²⁸⁾ Skjal nr. 1369230.

⁽²⁹⁾ Skjal nr. 1369230.

⁽³⁰⁾ Skjal nr. 862639.

⁽³¹⁾ Skjal nr. 1262829 (lánalínusamningurinn).

⁽³²⁾ Sama heimild, mgr.18.1.

- (19) Skilmáli sem er að finna í k-lið 12. gr. lánaálagssamningsins bannaði lántakandanum að greiða afborganir og/eða vexti af lánum á gildistíma samningsins. Leiddi það til þess að ekki var hægt, samkvæmt ákvæðum lánaálagssamningsins, að greiða vexti skv. rammasamningnum og samningsviðaukanum á meðan lánaálagssamningurinn væri enn í gildi.
- (20) Því var greiðslum sem GR átti að inna af hendi til OR samkvæmt rammasamningnum og samningsviðaukanum frestað á gildistíma lánaálagssamningsins, nánar tiltekið til 15. júlí 2011. Eftir þann tíma væru takmarkanir ekki lengur í gildi þar sem lánaálagssamningurinn væri ekki lengur í gildi.
- (21) Þar sem OR var lánveitandi GR samkvæmt rammasamningnum og samningsviðaukanum þurfti samþykki OR fyrir öllum fyrirhuguðum breytingum.
- (22) Frestun vaxtagreiðslna samkvæmt rammasamningnum og samningsviðaukanum gaf til kynna að breytingar hefðu orðið á upphaflegum samningi milli OR og GR. Samþykki OR – sem lánveitanda samkvæmt þeim samningi – var þess vegna nauðsynlegt til þess að gera slíkar breytingar. GR sendi OR bréf 14. október 2009⁽³³⁾ þar sem þess var óskað að síðarnefnda fyrirtækið samþykkti frestun vaxtagreiðslna samkvæmt rammasamningnum og samningsviðaukanum⁽³⁴⁾. Tilgreinir þetta bréf enn fremur að lokadagsetning lánaálagssamningsins sé 15. júlí 2011.
- (23) Hinn 16. október 2009 samþykkti stjórn OR skilmála lánaálagssamningsins⁽³⁵⁾. Hinn 19. október 2009 sendi OR bréf⁽³⁶⁾ til GR þar sem tilkynnt var að frestun vaxtagreiðslna væri samþykkt. Í raun þýddi þetta að OR hefði samþykkt að fresta vaxtagreiðslum 1. nóvember 2009, 1. maí 2010, 1. nóvember 2010 og 1. maí 2011 samkvæmt rammasamningnum og samningsviðaukanum.
- (24) Dagsetningar og upphæðir hinna frestuðu vaxtagreiðslna voru sem hér segir: 1. nóvember 2009 / 81.240.732 m.kr.; 1. maí 2010 / 61.415.704 m.kr.; 1. nóvember 2010 / 55.994.167 m.kr., og 1. maí 2011 / 62.994.280 m.kr.
- (25) Var það niðurstaða PFS í ákvörðun nr. 25/2010 frá 7. september 2010⁽³⁷⁾ að k-liður 12. gr. lánaálagssamningsins bryti í bága við 36. gr. fjarskiptalaga og fyrri ákvarðanir PFS, frá 13. nóvember 2006 nr. 10/2006, og frá 30. desember 2008 nr. 32/2008. PFS krafðist þess með ákvörðun sinni nr. 25/2010 að GR innti af hendi vaxtagreiðslur til OR í samræmi við rammasamninginn og samningsviðaukann.
- (26) Þegar ákvörðun PFS nr. 25/2010 var tekin hafði GR þegar uppfyllt kvaðirnar sem sú ákvörðun lagði á, þar sem GR hafði þegar innt af hendi vaxtagreiðslurnar tvær sem um ræðir til OR. Nánar tiltekið var vaxtagreiðslan 1. nóvember 2009 gerð 16. desember 2009 (44 dögum eftir frestun greiðslunnar), og vaxtagreiðslan sem var á gjalddaga 3. maí 2010 var gerð 30. ágúst 2010 (120 dögum eftir frestun greiðslunnar)⁽³⁸⁾. Líkt og íslensk stjórnvöld útskýrðu innti GR þessar vaxtagreiðslur af hendi áður en PFS samþykkti ákvörðun nr. 25/2010 á grundvelli bréfaskipta við PFS varðandi beitingu 36. gr. fjarskiptalaga⁽³⁹⁾.
- (27) Hinum tveimur vaxtagreiðslunum sem voru á gjalddaga 1. nóvember 2010 og 1. maí 2011 var aldrei frestað þar sem ákvörðun PFS var samþykkt fyrir gjalddaga þessara vaxtagreiðslna.
- (28) PFS krafðist þess ekki í ákvörðunum sínum að GR reiknaði og greiddi áfallna vexti á frestunartíma umræddra vaxtagreiðslna, né gerði GR það í reynd.
- (29) Í 97. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn var það bráðabirgðaniðurstaða ESA að GR hefði hlotið ívilnun í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins með því að greiða ekki markaðsvexti af ávinningi sem það hlaut með tímabundinni frestun á vaxtagreiðslum.

⁽³³⁾ Skjal nr. 1262827.

⁽³⁴⁾ Samkvæmt því er lokadagsetning lánaálagssamningsins 15. júní 2011, jafnvel þótt mgr. 18.1 í lánaálagssamningnum tilgreini 15. júlí 2011 sem lokadagsetninguna.

⁽³⁵⁾ Í 3. hluta skjals nr. 1262837 segir: „Skýrsla forstjóra GR dags. 14. október 2009 varðandi fjármögnun GR er lögð fram. Stjórnin samþykkir frávísunina ásamt meðfylgjandi yfirlýsingu.“ Þessi málsgrein er einnig í lánaálagssamningnum, bls. 23.

⁽³⁶⁾ Skjal nr. 126282, bls. 21.

⁽³⁷⁾ Ákvörðun PFS nr. 25/2010 frá 7. september 2010.

⁽³⁸⁾ Sjá yfirlýsingu um vaxtagreiðslur að því er varðar lánssamning Gagnaveitu Reykjavíkur við Orkuveitu Reykjavíkur frá 1. september 2010 (skjal nr. 1118758).

⁽³⁹⁾ Skjal nr. 1369196.

2.4.2 Ráðstöfun 2

- (30) Hinn 28. apríl 2006 undirrituðu OR og sveitarfélagið Ölfus („Ölfus“) samning („UÖ samningurinn“) ⁽⁴⁰⁾ um stofnun Uppgreiðslusjóðs Ölfuss („UÖ“).
- (31) Samkvæmt UÖ samningnum skuldbatt OR sig til þess að greiða 12,5 m.kr. árlega næstu sex ár til UÖ. Tilgangur UÖ var, eins og sagði í UÖ samningnum, uppgræðsla lands í sveitarfélaginu sem hafði orðið fyrir raski vegna orkuvera, auk almennrar uppgræðslu í sveitarfélaginu. Í UÖ samningnum skuldbatt OR sig enn fremur til þess að byggja upp ljósleiðaranet í Ölfusi.
- (32) Hinn 25. október 2007 samþykkti Ölfus stofnun UÖ í formi sjóðs með sérstaka stjórn og lýsti yfir í ákvörðun um samþykki sitt að Ölfus væri eini eigandi UÖ. UÖ var með stjórn sem skipuð var þremur stjórnarmönnum. Tveir voru tilnefndir af Ölfusi og einn af hálfu OR. Ákvarðanir stjórnar UÖ voru teknar á grundvelli reglunnar um meirihlutaræði, sem jafnframt er almenn meginregla um atkvæðagreiðslu samkvæmt íslenskum lögum ⁽⁴¹⁾.
- (33) Hinn 31. janúar 2014 undirrituðu OR og Ölfus samning um lok verkefna samkvæmt UÖ samningnum. Samkvæmt samningnum afsalaði OR sér öllum réttindum, stjórnunarskyldu og ábyrgð á UÖ til Ölfuss ⁽⁴²⁾.
- (34) Hinn 31. janúar 2014 gerðu GR og Ölfus samning um lagningu ljósleiðara og rekstur gagnaflutningskerfis á grunni hans í Ölfusi („samningur um lagningu ljósleiðara 2014“). Skv. 8. gr. samningsins bar Ölfusi að greiða fyrir lagningu, starfrækslu, framkvæmd og veitingu þjónustu með þessu ljósleiðarakerfi. Einkum bar Ölfusi að greiða GR 80 m.kr. með þremur afborgunum frá 1. júní til 1. ágúst 2014 ⁽⁴³⁾. GR bæri að bera annan kostnað og útgjöld vegna lagningar og starfrækslu ljósleiðarakerfisins.
- (35) Í fréttatilkynningu 5. febrúar 2014 tilkynnti Ölfus um slit UÖ sjóðsins og endurnýtingu fjármuna hans ⁽⁴⁴⁾.
- (36) Hinn 23. maí 2014 samþykkti Ölfus ályktun um að slíta UÖ. Samkvæmt ályktuninni hafði Ölfus skilyrðislausan rétt til að úthluta fé sem áður hafði verið í UÖ til annarra verkefna í sveitarfélaginu ⁽⁴⁵⁾.
- (37) Hinn 2. júní 2015 samþykkti PFS ákvörðun nr. 11/2015 ⁽⁴⁶⁾ um mat á því hvort fénu sem áður var í UÖ og kom upphaflega frá OR hefði verið úthlutað til GR með samningi milli Ölfuss og GR. PFS lagði einnig mat á það hvort Ölfus hefði yfirfært eignarhald á ljósleiðaranetinu til GR í andstöðu við 36. gr. fjarskiptalaga.
- (38) Samkvæmt ákvörðun PFS bar GR að endurgreiða Ölfusi greiðslur sem fram fóru á grundvelli samningsins um lagningu ljósleiðara 2014. PFS lagði til að annað hvort yrði um að ræða endurgreiðslu í reiðufé eða, að öðrum kosti, að Ölfus fengi eignarhlut í ljósleiðarakerfinu. Í síðara tilvikinu yrði eignarhluturinn að samsvara hlutafjárframlaginu sem Ölfus innti af hendi samkvæmt samningnum þar sem arðsemiskrafa þyrfti að miðast við markaðsaðstæður ⁽⁴⁷⁾.
- (39) Hinn 3. desember 2015, í kjölfar skoðanaskipta við PFS varðandi það hvort farið hefði verið eftir ákvörðun nr. 11/2015, lagði GR drög samnings um eignarhald, starfrækslu og leigu ljósleiðarakerfisins fyrir PFS. Eftir nokkur skoðanaskipti til viðbótar milli PFS og GR ⁽⁴⁸⁾ var það niðurstaða PFS samkvæmt bréfi dags. 26. maí 2016 ⁽⁴⁹⁾, að samningsdrögin samræmdust 36. gr. fjarskiptalaga. PFS taldi einnig að það hefði verið Ölfus en ekki OR sem veitti GR umrædda fjármuni ⁽⁵⁰⁾.

⁽⁴⁰⁾ Skjal nr. 1369212.

⁽⁴¹⁾ Skjal nr. 1369214.

⁽⁴²⁾ Skjal nr. 1369218.

⁽⁴³⁾ Ölfus yfirfærði fé sem áður var í UÖ sjóðnum til GR 1. júní (30 m.kr.), 1. júlí (30 m.kr.) og 1. ágúst 2014 (20 m.kr.).

⁽⁴⁴⁾ [Fréttatilkynning 5. febrúar 2014](#) frá Ölfusi.

⁽⁴⁵⁾ Skjal nr. 1118758, bls. 53.

⁽⁴⁶⁾ Ákvörðun PFS nr. 11/2015 frá 2. júní 2015.

⁽⁴⁷⁾ Sama heimild, bls. 26.

⁽⁴⁸⁾ Skjal nr. 1118758, viðaukar 10 til 13.

⁽⁴⁹⁾ Skjal nr. 1118758, viðauki 12.

⁽⁵⁰⁾ Sama heimild.

(40) Hinn 25. nóvember 2016 undirrituðu Ölfus og GR samning um eignarhald, starfrækslu og leigu á ljósleiðarakerfum⁽⁵¹⁾. Innihald samningsins samsvarar drögum sem PFS lagði mat á. Skv. 2. gr. samningsins er kveðið á um endurgreiðslu á hlutafjárframlaginu með eignarhluta í kerfinu í hlutfalli við framlag Ölfuss við ljósleiðaravæðinguna⁽⁵²⁾.

(41) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var það bráðabirgðamat ESA að GR hefði hlotið ívilnun með því að veita viðtöku fjármunum sem komu óbeint frá OR til þess að leggja ljósleiðarakerfi í Ölfusi. Fjármunum sem um ræðir er lýst í 2.4.2 undirkafla.

2.4.3 Ráðstöfun 3

(42) GR spurðist fyrir um, með bréfum dags. 20. apríl 2015⁽⁵³⁾ og 7. júlí 2015⁽⁵⁴⁾, og PFS staðfesti, að þátttaka þess fyrrnefnda í sjóðspotti sem OR starfrækti samræmdest 36. gr. fjarskiptalaga.

(43) Hinn 1. desember 2016 undirrituðu GR og OR samning sem veitti GR aðgang að sjóðspottinum⁽⁵⁵⁾.

(44) Hinn 20. mars 2019 var það niðurstaða PFS í ákvörðun sinni nr. 3/2019⁽⁵⁶⁾ að skammtímalánveiting til GR úr sjóðspotti OR samræmdest ekki 36. gr. fjarskiptalaga. PFS taldi að lán úr sjóðspottinum væri brot gegn ákvörðun PFS frá 13. nóvember 2006 nr. 10/2006⁽⁵⁷⁾ og þar með 36. gr. fjarskiptalaga þar sem það endurspeglar ekki markaðsaðstæður.

(45) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var það bráðabirgðamat ESA að GR hefði hlotið ívilnun með því að fá lán frá OR úr sameiginlega sjóðspottinum.

2.4.4 Ráðstöfun 4

(46) Ráðstöfun 4 varðar lán til GR frá einkalánveitendum sem komu í stað lána frá OR. Umræddum lánum frá einkalánveitendum fylgdi það skilyrði að ef eignarhlutur OR í GR færi niður fyrir 50% gæti lánveitandi krafist endurgreiðslu, sagt upp lánssamningnum, eða gjaldfellt lánið („skilmálinn um breytingu á yfirráðum“). Hélt kvartandi því fram að vextirnir sem einkalánveitandinn lagði á hefðu stöðugt verið undir markaðsvöxtum vegna þessara skilmála.

(47) Í ákvörðun sinni nr. 3/2019 taldi PFS að með skilmálanum væru einkalánveitendur að tengja eignarhaldið á OR við lánssamningana til þess að lágmarka líkurnar á vanefndum⁽⁵⁸⁾. Því taldi PFS að skilmálinn gæti leitt til þess að lánaskilmálarnir væru hagstæðari en ella⁽⁵⁹⁾.

(48) Að lokum var það niðurstaða PFS að lánssamningar GR við einkalánveitendur gætu ekki innihaldið skilmálann um breytingu á yfirráðum. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, 97. mgr., var það bráðabirgðaniðurstaða ESA að GR hefði mögulega hlotið ívilnun með skilmálanum um breytingu á yfirráðum í samningum við einkalánveitendur.

3 Athugasemdir íslenskra stjórnvalda

3.1 Ráðstöfun 1

(49) Íslensk stjórnvöld benda á í athugasemdum sínum að einungis tveimur vaxtagreiðslum hafi í raun verið frestað, á gjalddaga 2. nóvember 2009 og 3. maí 2010. Vaxtagreiðslur þessar voru loks inntar af hendi, hvor um sig, 44 dögum og 120 dögum eftir gjalddaga. Engum greiðslum af hálfu OR hefur verið frestað eftir það eða vikið frá skilmálum og skilyrðum lánssamninganna.

⁽⁵¹⁾ Skjal nr. 1118758, viðauki 14.

⁽⁵²⁾ Eignarhlutur Ölfuss og GR var 78% og 22%, í þeirri röð.

⁽⁵³⁾ Skjal nr. 1369222.

⁽⁵⁴⁾ Skjal nr. 1369224.

⁽⁵⁵⁾ Skjal nr. 1262835.

⁽⁵⁶⁾ Ákvörðun PFS nr. 3/2019 frá 20. febrúar 2019.

⁽⁵⁷⁾ Ákvörðun PFS nr. 10/2006 frá 13. nóvember 2006.

⁽⁵⁸⁾ Ákvörðun PFS nr. 3/2019 frá 20. febrúar 2019, 353. mgr.

⁽⁵⁹⁾ Sama heimild, 353. mgr.

- (50) Ráðstöfunin sem um ræðir varðar það að ekki hafi verið greiddir markaðsvextir af ívilnun sem OR hlaut með tímabundinni frestun vaxtagreiðslanna. Íslensk stjórnvöld viðurkenna að það leysi lántakandann undan efnahagslegri byrði og losi um fjármuni sem að öðrum kosti yrðu notaðir til þess að inna greiðslurnar af hendi sem geti að jafnaði talist ívilnun.
- (51) Samkvæmt útreikningum sem íslensk stjórnvöld hafa lagt fram um þær tvær vaxtagreiðslur sem raunverulega var frestað, nema vextirnir sem reiknaðir voru á grundvelli vaxta sem miðað er við í Leiðbeinandi reglum ESA um viðmiðunar- og afreiknivexti ⁽⁶⁰⁾ 13.212.965 m.kr. / 94.588 evrum. Telja íslensk stjórnvöld að sú upphæð jafngildi minniháttaraðstoð (*de minimis* aðstoð) ⁽⁶¹⁾. Hafa íslensk stjórnvöld einnig staðfest að aðstoðarþeginn hafi ekki hlotið frekari minniháttaraðstoð.
- (52) Íslensk stjórnvöld færa einnig fram þær röksemdir að farið hafi verið fram yfir tíu ára fyrningarfrestinn sem kveðið er á um í 15. gr. II. hluta bókunar 3. Þar sem frestuðu greiðslurnar hafi verið inntar af hendi 16. desember 2009 og 30. ágúst 2010, séu íslensk stjórnvöld þeirrar skoðunar að fyrningarfresturinn hafi verið liðinn hvað ráðstöfun 4 varðar. Að þeirra mati geta samskipti við ESA í kjölfar bréfs kvartanda frá 26. október 2016 ekki talist jafngilda því að ESA hafi gripið til aðgerða sem rjúfi fyrningarfrestinn.

3.2 Ráðstöfun 2

- (53) Íslensk stjórnvöld færa fram þær röksemdir í athugasemdum sínum að ráðstöfunin verði ekki rakin til OR. OR hafi ekki haft beint eða óbeint (s.s. í gegnum stjórn UÖ) hlutverk við slit og ráðstöfun UÖ. Hafi það verið Ölfus en ekki OR sem ákvað greiðslu upp á 80 m.kr. til GR.
- (54) Íslensk stjórnvöld telja að fullyrðing ESA um að „OR [hafi farið] með sameiginleg yfirræð í UÖ ásamt fulltrúum sveitarfélagsins“ ⁽⁶²⁾ sé röng þar sem ákvörðun stjórns UÖ var tekin með meirihluta atkvæða án þess að fulltrúi OR hefði neitunarvald. Fullyrðing ESA um að „árið 2014 [hafi] UÖ [ákveðið] að nota fjármuni sína til að fjármagna ljósleiðarakerfisvæðingu GR“ sé einnig röng ⁽⁶³⁾. Sveitarfélagið Ölfus hafi sem eini eigandi UÖ tekið ákvörðun um að slíta þeim síðarnefnda og ráðstafa fjármuninum. Íslensk stjórnvöld benda á að PFS hafi einnig talið að sveitarfélagið hafi lagt til fjármunina ⁽⁶⁴⁾.
- (55) Enn fremur telja íslensk stjórnvöld að viðkomandi ráðstöfun hafi í öllu falli verið endurgreidd og að ríkisaðstoðin hafi þar með þegar gengið tilbaka. Endurgreiðslan var gerð í samræmi við ákvörðun PFS nr. 11/2015 og var innt af hendi að fullu af hálfu GR til sveitarfélagsins Ölfuss. Var bæði um að ræða höfuðstólsfjárhæð og ávöxtun í samræmi við markaðsaðstæður. Íslensk stjórnvöld halda því fram að hlutfall eignarhlutar í netkerfinu endurspegli þetta, en eignarhlutur sveitarfélagsins Ölfuss nemi 78%.
- (56) Telji ESA að ríkisaðstoðin hafi ekki gengið tilbaka að fullu halda íslensk stjórnvöld því fram að ráðstöfunin samrýmist framkvæmd EES-samningsins, annað hvort á grundvelli 2. mgr. 59 gr. eða c-liðar 3. mgr. 61. gr. samningsins. Íslensk stjórnvöld halda því fram í tengslum við bæði þessi ákvæði að markaðsbrestur hafi verið til staðar í dreifðum byggðum Ölfuss, þar sem engir aðilar hafi haft uppi áætlanir um eða vilja til að breiða út og starfrækja breiðbandskerfi á svæðinu innan þriggja ára.

3.3 Ráðstöfun 3

- (57) Íslensk stjórnvöld halda því fram í athugasemdum sínum að PFS hafi ekki tekið mið af skilyrðum ríkisaðstoðar sem kveðið sé á um í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem þurfi öll að vera uppfyllt. PFS hafi lagt áherslu á formlegar kröfur lánaþyrirkomulagsins milli tengdra aðila á borð við OR og GR en ekki lagt mat á hvort lánið hafi leitt til þess að GR hafi hlotið ávinning sem ekki bauðst á markaði.

⁽⁶⁰⁾ ESA:Leiðbeinandi reglur um viðmiðunar- og afreiknivexti.

⁽⁶¹⁾ Íslensk stjórnvöld vísa til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð.

⁽⁶²⁾ Sjá 49. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁶³⁾ Sama heimild.

⁽⁶⁴⁾ Skjal nr. 1118758.

- (58) Íslensk stjórnvöld færa fram þær röksemdir að þegar lánaskilmálar sjóðspottsins hafi verið ákvarðaðir hafi OR og GR samræmt vexti og greiðsluskilmála við kjör á markaði í samræmi við bréf PFS frá 7. júlí 2015.
- (59) Nánar tiltekið byggðu OR og GR vexti á lánum úr sjóðspottinum á skilmálum [...], viðskiptabanka GR. Í desember 2016 lagði [...] á vexti á sambærileg lán [...] ⁽⁶⁵⁾, sem jafngilti [...] vöxtum ⁽⁶⁶⁾ á láni GR úr sjóðspottinum. Auk þess hafi [...] í desember 2016 gert GR tilboð ⁽⁶⁷⁾ um fjármögnun láns með [...] sem leiddi til þess að gengið var frá lánssamningi 28. desember 2016 ⁽⁶⁸⁾.
- (60) Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum voru skilmálar og skilyrði lánanna því á markaðskjörum og aðgangur að og nýting GR á sjóðspottinum leiddi því ekki til þess að fyrirtækið hefði hlotið ívilnun.

3.4 Ráðstöfun 4

- (61) Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum er skilmálinn um breytingu á yfirráðum staðlaður samningsskilmáli í lánssamningum og ekki saminn sérstaklega með OR og GR í huga. Íslensk stjórnvöld lögðu enn fremur fram lögfræðiálit þar sem talið var að ákvæðið væri algengt í lánssamningum á Íslandi og í Evrópu.
- (62) Íslensk stjórnvöld telja að sú ályktun PFS að skilmálinn um breytingu á yfirráðum sé lánveitendum til hæðarauka sé örökstudd. Allar ráðstafanir af hálfu OR til að aðstoða GR við endurgreiðslu gjaldfallins láns ⁽⁶⁹⁾ lúti ströngu eftirliti og fyrirsamþykki PFS skv. 36. gr. fjarskiptalaga. Því veiti eignarhald lánveitanda ekki tryggingu fyrir tímanlegri og skilvirkri íhlutun af hálfu móðurfyrirtækis. Einnig bendi það að enginn veðréttur eða tryggingar hafi verið í lánssamningum GR enn fremur til þess að lánveitendur hafi talið GR sjálfstæðan skuldara á grundvelli efnahagslegrar stöðu fyrirtækisins, starfsemi þess og framtíðarhorfum.
- (63) Því telja íslensk stjórnvöld að leggja verði fram sannanir sem leiði í ljós að það sé eiginlegt og raunverulegt orsakasamband milli eignarhalds og lægri eða óeðlilegra vaxta, álags og/eða greiðsluskilmála.
- (64) Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum gerði PFS ekkert samanburðarmat. GR hafi hins vegar lagt fyrir PFS ítarlega könnun á þeim lánaskilmálum sem stóðu GR til boða og borið saman við lánaskilmála sem svipuðum fyrirtækjum stóðu til boða á lánamörkuðum.
- (65) Samkvæmt því samanburðarmati leiddi skilmálinn um breytingu á yfirráðum ekki til nokkurs ávinnings fyrir GR. Skilmálinn um breytingu á yfirráðum hafði ekki ætluð áhrif til að tryggja GR betri vexti en fyrirtækið hefði notið án eignarhalds OR. Þvert á móti benti greiningin til þess að lánssamningurinn hafi verið á markaðskjörum. Íslensk stjórnvöld benda einnig á að niðurstaða PFS hafi verið að vextir ⁽⁷⁰⁾ lagðir á GR hafi jafngilt þeim sem bauðst fjarskipta-fyrirtækjum sem PFS notaði til samanburðar.
- (66) Íslensk stjórnvöld benda einnig á að PFS hafi í ákvörðun sinni nr. 3/2019 bannað skilmálann um breytingu á yfirráðum í nýjum lánssamningum GR. Eftir samþykkt ákvörðunar PFS nr. 3/2019 gerði GR nýjan lánssamning hinn 21. júní 2019 við einkalánveitanda og tóku vextir ekki breytingum með því að skilmálinn um breytingu á yfirráðum var fjarlægður. Íslensk stjórnvöld færa því fram þær röksemdir að ákvæðið hafi ekki haft þau áhrif sem PFS ætlaði og að lánssamningarnir hafi verið á markaðskjörum.

⁽⁶⁵⁾ [...] grunnpunktar til viðbótar við [...].

⁽⁶⁶⁾ [...].

⁽⁶⁷⁾ Skjal nr. 1267408.

⁽⁶⁸⁾ Skjal nr. 1262817 (viðauki E.4).

⁽⁶⁹⁾ S.s. tryggingar, hlutfjárárukning, lán eða annar fjárstuðningur.

⁽⁷⁰⁾ Nefnt *vaxtakjör* á íslensku.

II. MAT

4 Hvort um ríkisaðstoð er að ræða

- (67) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“
- (68) Við mat á því hvort ráðstöfun telst aðstoð í skilningi ákvæðisins þurfa öll eftirfarandi skilyrði því að vera uppfyllt: i) ráðstöfunin er veitt af hálfu ríkisins eða með ríkisfjármunum, ii) fyrirtæki hefur ávinning af ráðstöfuninni, iii) hún ívilnar tilteknum fyrirtækjum (er sértæk), og iv) er til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti ⁽⁷¹⁾.

4.1 Ráðstöfun 1: tímabundin frestun vaxtagreiðslna GR til OR

4.1.1 Inngangur

- (69) Áður en ráðstöfunin er metin bendir ESA á, að þvert á það sem fram kemur í athugasemdum íslenskra stjórnvalda sem teknar eru saman í mgr. (52), er fyrningarfresturinn ekki liðinn að því er varðar ráðstöfun 1.
- (70) Skv. 1. mgr. 15. gr. II. hluta bókunar 3 gildir tíu ára fyrningarfrestur um heimildir ESA til þess að láta endurgreiða aðstoð. Skv. 2. mgr. 15. gr. II. hluta bókunar 3 skal fyrningarfresturinn byrja að líða á þeim degi er hin ólöglega aðstoð er veitt aðstoðarþega sem stök aðstoð. Enn fremur skal sérhver aðgerð af hálfu ESA vegna ólöglegrar aðstoðar rjúfa fyrningarfrestinn. ESA telur að ráðstöfun 1 hafi verið veitt 16. október 2009 (sjá undirkafla 4.3.1 hér á eftir). ESA framsendi kvörtunina íslenskum stjórnvöldum til umsagnar með bréfi dags. 28. nóvember 2016 ⁽⁷²⁾, ásamt viðbótarupplýsingum sem höfðu borist. ESA telur því að fyrningarfresturinn sé ekki liðinn að því er varðar ráðstöfun 1 á þeim tíma er þessi ákvörðun er samþykkt.
- (71) Einnig telur ESA rétt, á grundvelli fram kominna staðreynda og röksemda í málinu, að hefja mat á ráðstöfuninni með því að greina hvort hún uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um varðandi minniháttaraðstoð, og teljist þar með ekki ríkisaðstoð þar sem ráðstöfunin sé ekki talin uppfylla öll skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- (72) ESA hefur ákveðið að lægri aðstoðarupphæðir teljist ekki, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, fullnægja öllum skilyrðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og því falli þær ekki undir tilkynningarferlið. Telja má að slík minniháttaraðstoð hafi engin áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og raski ekki, eða sé til þess fallin að raska samkeppni.
- (73) Af ástæðum sem taldar eru upp í mgr. (76) – (79) hér á eftir, telur ESA að skilyrðin fyrir mati á því hvort ráðstöfun 1 sé talin minniháttaraðstoð séu sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 („reglugerðin frá 2013 um minniháttaraðstoð“), eins og hún var tekin upp í EES-samninginn ⁽⁷³⁾.
- (74) Ráðstöfun 1 varðar vaxtagreiðslur á gjalddaga 1. nóvember 2009, 1. maí 2010, 1. nóvember 2010 og maí 2011, sem var frestað með því að stjórn OR samþykkti að GR skrifaði undir lánalínusamning 16. október 2009 (sjá mgr. (23)).
- (75) ESA bendir á að PFS hafi með ákvörðun nr. 25/2010 talið að ekki væri heimilt að fresta vaxtagreiðslunum (sjá mgr. (25)). Af því leiddi að einungis fyrstu tveimur vaxtagreiðslunum, sem voru dagsettar fyrir ákvörðun PFS, var í raun frestað. Vaxtagreiðslurnar sem raunverulega var frestað voru að lokum inntar af hendi 16. desember 2009 (44 dögum eftir frestun greiðslunnar) og 30. ágúst 2010 (120 dögum eftir frestun greiðslunnar), í þeirri röð. Þegar þessar greiðslur voru inntar af hendi höfðu vextir þegar safnast upp á hinar frestuðu upphæðir og gengu þeir ekki tilbaka.

⁽⁷¹⁾ Sjá t.d. dóm Evrópudómstólsins frá 17. nóvember 2022, *Volotea* gegn *framkvæmdastjórninni*, sameinuð mál C-331/20 P og C-343/20 P, EU:C:2022:886, 102. mgr.

⁽⁷²⁾ Skjal nr. 828509.

⁽⁷³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð. Stjtið. ESB L 352, 24.12.2013, bls. 1 til 8. Tekin upp í EES-samninginn í lið 1ea í [XV. viðauka](#).

4.1.2 Gildi og gildissvið reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð

- (76) Skv. 8. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð skal reglugerðin öðlast gildi hinn 1. janúar 2014. Reglugerðin frá 2013 um minniháttaraðstoð var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 16. maí 2014 og öðlaðist gildi á EES-svæðinu 17. maí 2014 ⁽⁷⁴⁾. Því öðlaðist reglugerðin gildi eftir að ráðstöfunin var gerð.
- (77) Með 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð er kveðið á um að reglugerðin skuli gilda um aðstoð fyrir gildistöku hennar ef aðstoðin uppfyllir öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Öll aðstoð sem ekki uppfyllir þessi skilyrði verður metin af framkvæmdastjórninni í samræmi við viðeigandi reglur, leiðbeinandi reglur, orðsendingar og tilkynningar.
- (78) Einnig gildir reglugerðin frá 2013 um minniháttaraðstoð um aðstoð sem veitt er fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum með þeim undantekningum sem eru taldar upp í a- til e-lið 1. gr. reglugerðarinnar. Þar sem þær undantekningar gilda ekki í þessu máli telur ESA að ráðstöfun 1 falli undir gildissvið reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð.
- (79) ESA mun á þessum grundvelli meta hvort ráðstöfun 1 jafngildi minniháttaraðstoð samkvæmt reglugerðinni frá 2013 um minniháttaraðstoð, í samræmi við 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

4.1.3 Tíminn þegar aðstoð var veitt

- (80) Stjórn OR samþykkti frestun vaxtagreiðslanna hinn 16. október 2009 samkvæmt ramma-samningnum og samningsviðaukanum (sjá mgr. (23)).
- (81) Leiðir það af 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð að aðstoð skuli talin veitt „á þeim tíma þegar fyrirtæki hlýtur lagalegan rétt til aðstoðarinnar samkvæmt gildandi lagareglum í viðkomandi ríki án tillits til dagsetningar á greiðslu minniháttaraðstoðarinnar til fyrirtækisins“.
- (82) Samkvæmt íslenskum lögum verða vextir einungis greiddir af peningakröfum sem leiða af samningi, venju eða lögum ⁽⁷⁵⁾. Ef svo er ekki er ekki talin fyrir hendi skylda til að greiða almenna vexti ⁽⁷⁶⁾. Þegar aðilarnir ákváðu að fresta vaxtagreiðslunum gerðu þeir ekki samkomulag um að vextir myndu safnast upp á hinar frestuðu greiðslur. Með öðrum orðum bar GR engin samningsskylda til að greiða vexti af frestuðu greiðslunum, og það leiddi heldur ekki af venju eða lögum. Aðstoðin var því veitt að mati ESA á þeim tímapunkti þegar stjórn OR ákvað að fresta vaxtagreiðslunum.
- (83) Samkvæmt þessu telur ESA að ráðstöfun 1 hafi verið veitt hinn 16. október 2009.

4.1.4 Upphæð minniháttaraðstoðar, útreikningur á vergu styrkgildi og uppsöfnun (2. mgr. 3. gr., 1. og 7. mgr. 4. gr. og 5. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð)

- (84) Skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð skal „heilðarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem hvert aðildarríki veitir stöku fyrirtæki [...] ekki fara yfir 200 000 evrur á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára“.
- (85) Með 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð er kveðið á um að reglugerðin gildi aðeins um aðstoð ef hægt sé að reikna nákvæmlega vergt styrkgildi hennar fyrirfram án þess að nauðsynlegt sé að gera áhættumat („gagnsæ aðstoð“).

⁽⁷⁴⁾ Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á XV. viðauka við EES-samninginn (ríkisaðstoð). Skv. 3. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlaðist ákvörðunin gildi hinn 17. maí 2014.

⁽⁷⁵⁾ Sjá 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

⁽⁷⁶⁾ Sjá dóm Hæstaréttar Íslands frá 6. maí 2004 nr. 443/2003.

- (86) Enn fremur er ráðstöfun 1 ekki samsvarandi því formi aðstoðar sem tilgreint er í 2. til 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð⁽⁷⁷⁾. Skv. 7. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar skal líta á aðstoð sem aðrir gerningar taka til sem gagnsæja minniháttaraðstoð ef gerningur gerir ráð fyrir hámarki sem tryggi að ekki sé farið yfir viðkomandi efri mörk.
- (87) ESA ítrekar að 16. október 2009, þ.e. daginn sem ráðstöfun 1 var veitt, frestaði OR fjórum vaxtagreiðslum. ESA bendir á að á þeim tíma hafi OR ekki vitað af íhlutun PFS með ákvörðun nr. 25/2010 frá 7. september 2010 sem ekki leyfði frestun vaxtagreiðslna (sjá mgr. (23)). Því tók ákvörðun OR um frestun 16. október 2009 til allra fjögurra vaxtagreiðslnanna (sjá mgr. (24)). Í samræmi við það telur ESA að til þess að meta hvort ráðstöfun 1 sé í samræmi við reglur um heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar og hvort hún sé gagnsæ (2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 7. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð), verði að reikna vexti á allar fjórar vaxtagreiðslurnar sem var frestað.
- (88) Að því er varðar lengd frestunartímans fyrir vaxtagreiðslurnar fjórar var frestun þessara greiðslna byggð á ákvæðum lánalínusamningsins. Því bar að greiða frestuðu vaxtagreiðslurnar í síðasta lagi á gjalddögum lánalínusamningsins.
- (89) Það leiðir af framansögðu að á þeim degi er aðstoðin var veitt (16. október 2009) var mögulegt að reikna nákvæmlega þá upphæð vaxta sem myndu leggjast á frestuðu vaxtagreiðslurnar - frá þeim degi þegar aðstoðin var veitt til loka lánalínusamningsins. ESA telur því að ráðstöfun 1 uppfylli skilyrði gagnsærrar aðstoðar skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð. Enn fremur, þar sem lengd frestunar á vaxtagreiðslunum var fastsett í ákveðinn tíma, uppfyllir ráðstöfun 1 einnig skilyrði 7. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð.
- (90) Að því er varðar kröfur reglugerðarinnar um að meta fylgni við reglur um efri mörk heildarfjárhæðar minniháttaraðstoðar sem veitt er „stöku fyrirtæki“⁽⁷⁸⁾ hafa íslensk stjórnvöld staðfest að ekkert annað fyrirtæki sem Reykjavíkurborg fer með yfirráð yfir eða dótturfyrirtæki hafi verið veitt minniháttaraðstoð á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára, í þessu tilviki 2007 – 2011. Því er það einungis upphæð þeirra vaxta sem reiknast á frestunartímabili umræddra fjögurra vaxtagreiðslna⁽⁷⁹⁾ sem hefur þýðingu við mat á því hvort skilyrði varðandi efri mörk heildarfjárhæðar aðstoðar sem 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð ákvarðar séu uppfyllt.
- (91) ESA reiknar minniháttaraðstöðina á grundvelli eftirfarandi þátta: samtölu frestaðra vaxtagreiðslna, fjölda daga er vaxtagreiðslum var frestað og vaxta sem hefðu gilt ef GR hefði fengið frestuðu upphæðirnar að láni á markaði öll frestunartímabilin.
- (92) Samkvæmt upplýsingum sem íslensk stjórnvöld hafa veitt eru markaðsvextirnir sem ber að beita í þessu máli 11,45%, sem einnig var miðað við í lánalínusamningnum milli GR og tiltekins einkalánveitanda. Er þeir vextir grundvallaðir á vaxtagrunni K-1 sem nemur 10,45% að viðbættum 100 grunnpunktum⁽⁸⁰⁾. ESA telur það vaxtahlutfall viðunandi í því skyni að reikna upphæð minniháttaraðstoðar. Sérstaklega þar sem GR bauðst að greiða sömu vexti af svipuðu láni hjá einkalánveitanda á því tímabili sem hefur þýðingu. ESA bendir einnig á að viðmiðunarhlutfallið sem notað var sem mælikvarði í staðinn fyrir markaðsvexti var í öllu falli lægra í október 2009 (þ.e. 7,67%).
- (93) Í því skyni að leggja mat á upphæð minniháttaraðstoðar eru vextir á frestuðu greiðslurnar því reiknaðir út sem hér segir:

⁽⁷⁷⁾ Í 2. til 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð er vísað til aðstoðar í formi styrkja, vaxtastyrkja, lána, fjármagnsinnspýtingar, aðstoðar sem samanstendur af áhættufjármagni og ábyrgða.

⁽⁷⁸⁾ Sjá 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð.

⁽⁷⁹⁾ Sjá mgr. (24).

⁽⁸⁰⁾ Vextirnir (á íslensku *Kjörvaxtaflokkur K-1*) voru ákveðnir og birtir á íslenskum fjármálamarkaði hjá lánveitandanum (*Landsbankinn*). Samkvæmt upplýsingunum sem íslensk stjórnvöld veittu bætti lánveitandinn við 75 grunnpunktum fyrir og 100 grunnpunktum eftir 1. júlí 2009.

Vextir á frestaða vaxtagreiðslu með gjalddaga 1. nóvember 2009

Frestuð vaxtagreiðsla: 81.240.732 m.kr.

Lengd frestunar í dögum: 638

Greiðsludagur: 15. júlí 2011

Vextir: 11,45%

Vextir vegna frestunardaga: 16.601.673,62 m.kr. (98.142 evrur ⁽⁸¹⁾)

Vextir á frestaða vaxtagreiðslu með gjalddaga 1. maí 2010

Frestuð vaxtagreiðsla: 61.415.704 m.kr.

Greiðsludagur: 15. júlí 2011

Lengd frestunar í dögum: 441

Vextir: 11,45%

Vextir vegna frestunardaga: 8.663.969,43 m.kr. (51.218 evrur)

Vextir á frestun vaxtagreiðslu með gjalddaga 1. nóvember 2010

Frestuð vaxtagreiðsla: 55.994.167 m.kr.

Greiðsludagur: 15. júlí 2011

Lengd frestunar í dögum: 257

Vextir: 11,45%

Vextir vegna frestunardaga: 4.514.280,43 m.kr. (26.686 evrur)

Vextir á frestun vaxtagreiðslu með gjalddaga 1. maí 2011

Frestuð vaxtagreiðsla: 62.994.280 m.kr.

Greiðsludagur: 15. júlí 2011

Lengd frestunar í dögum: 76

Vextir: 11,45%

Vextir vegna frestunardaga: = 1.501.852,67 m.kr. (8.878 evrur)

- (94) Á grundvelli þess sem að framan segir jafngildir heildarupphæð minniháttaraðstoðar 184.924 evrum, samkvæmt ráðstöfun 1.
- (95) Skv. 6. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð og að því er varðar efri mörkin í 2. mgr. skal aðstoð tilgreind sem úthlutun í reiðufé. Allar tölur sem notaðar eru skulu vera vergar upphæðir, þ.e., áður en skattur eða önnur gjaldfærsla er fráðregin. Ef aðstoð er úthlutað í öðru formi en sem styrkur, skal aðstoðarupphæðin jafngilda vergu styrkígildi aðstoðarinnar. Af því leiðir einnig að aðstoð sem greidd er út í áföngum skal núvirt til þess tíma er hún var veitt. Vextirnir sem notaðir eru við núvirðingu og til að reikna út hið verga styrkígildi aðstoðarinnar skulu vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma er aðstoðin er veitt.

⁽⁸¹⁾ ESA notar meðalgengi ISK/EUR ársins 2009 við framsetningu upphæðar minniháttaraðstoðar í evrum.

- (96) Í þessu máli var aðstoðin veitt með því að fresta framtíðarvaxtagreiðslum 16. október 2009. Þess vegna ber að núvirða upphæðina 184.924 evrur til þess tíma þegar aðstoðin var veitt. Þó að ESA hafi ekki annast núvirðinguna bendir ESA á að með núvirðingu yrði aðstoðarupphæðin enn lægri, sem rennir stóðum undir þá niðurstöðu að ekki sé farið yfir efri mörk minniháttaraðstoðar í þessu máli.
- (97) Samkvæmt því telur ESA að aðstoðin samkvæmt ráðstöfun 1 fari ekki yfir hámarkið sem sett er fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð.
- 4.1.5 Eftirlit (6. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð)*
- (98) Skv. fyrsta málslíð 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð skal aðildarríki, ef það hyggst veita fyrirtæki minniháttaraðstoð, tilkynna fyrirtækinu skriflega um fyrirhugaða fjárhæð aðstoðarinnar, (uppgæfin sem vergt styrkigildi), og um það í hverju minniháttaraðstoðin er fölginn, ásamt því að vísa með skýrum hætti í reglugerðina og tilgreina titil hennar og tilvísun í birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
- (99) Skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð, skal beiting 1. mgr., þar sem aðildarríki hefur komið upp miðlægri skrá yfir minniháttaraðstoð, sem í eru tæmandi upplýsingar um alla minniháttaraðstoð sem yfirvöld í því aðildarríki hafa veitt, falla niður frá þeim tíma er skráin nær yfir þriggja ára tímabil.
- (100) Eins og íslensk stjórnvöld hafa útskýrt hafði ekki verið sett upp miðlæg skrá 16. október 2010. Því gildir fyrsti málslíður 1. mgr. 6. gr. um ráðstöfun 1. Bar íslenskum stjórnvöldum því, þegar þau hugðust veita GR minniháttaraðstoð, að tilkynna hinu síðarnefnda skriflega um fyrirhugaða fjárhæð aðstoðarinnar, (uppgæfna sem vergt styrkigildi), og um það í hverju minniháttaraðstoðin væri fölginn ásamt því að vísa með skýrum hætti í reglugerðina og tilgreina titil hennar og tilvísun í birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
- (101) Íslensk stjórnvöld hafa staðfest að GR hafi ekki verið upplýst um ætlun þá að veita minniháttaraðstoð í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð. ESA telur hins vegar að þessi yfirsýn hindri ekki beitingu reglugerðarinnar frá 2013 um minniháttaraðstoð að því er varðar ráðstöfun 1, í samræmi við túlkun framkvæmdastjórnarinnar á reglugerðinni sem einnig endurspeglast í auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg EES-samningnum ⁽⁸²⁾ („auglýsingin frá 2019 um endurheimtu“).
- (102) Þó að ESA hafi ekki enn samþykkt leiðbeinandi reglur sem samsvara auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2019 um endurheimtu ⁽⁸³⁾, telur ESA að 100. og 101. mgr. um minniháttaraðstoð endurspegli almennar meginreglur þær sem ESA beitir að breyttu breytanda.
- (103) Skv. 101. mgr. í auglýsingunni um endurheimtu getur framkvæmdastjórnin samþykkt afturvirka beitingu minniháttarreglunnar með þremur skilyrðum:
- heildarfjárhæð aðstoðarinnar verður að vera undir efri mörkum minniháttaraðstoðarinnar ⁽⁸⁴⁾,
 - þegar upphæð minniháttaraðstoðar sem hefur verið veitt á tímabili sem tekur til þriggja reikningsára er staðfest eftir á, verður aðildarríkið að gefa gaum hverju tímabili sem tekur til þriggja reikningsára sem inniheldur dagsetninguna þegar talið er að aðstoðin eigi að vera undanskilin endurheimt, ⁽⁸⁵⁾, og
 - öll skilyrðin sem mælt er fyrir um í gildandi reglugerð sem má beita afturvirkta þurfa að vera uppfyllt.

⁽⁸²⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg EES-samningnum, C/2019/5396, Stjtið. ESB C 247, 23.7.2019, bls. 1 til 23.

⁽⁸³⁾ ESA beitir sem stendur leiðbeinandi reglum sínum frá 2008 um endurheimtu ríkisaðstoðar sem er ólögmat og ósamrýmanleg EES-samningnum. Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32–78, og EES-viðbætur nr. 23/2011, 21.4.2011, bls. 1. Þessar leiðbeinandi reglur samsvara auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilvirkari framkvæmd ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um að aðildarríkin endurheimti ríkisaðstoð sem er ólögmat og ósamrýmanleg innri markaðinum, Stjtið. ESB C 272, 15.11.2007, bls. 4.

⁽⁸⁴⁾ Fjárhæð aðstoðar í ráðstöfun 1 er undir efri mörkum minniháttaraðstoðarinnar (sjá mgr. (94)).

⁽⁸⁵⁾ Samkvæmt upplýsingum sem íslensk stjórnvöld hafa veitt er þetta skilyrði uppfyllt (sjá mgr. (90) og skjal nr. 1369196, bls. 13).

- (104) Greiningin hér að framan sýnir, að undanskildum fyrsta málsli. 1. mgr. 6. gr., að ráðstöfun 1 uppfyllti öll skilyrði sem mælt er fyrir um í reglugerðinni frá 2013 um minniháttaraðstoð frá þeim tíma er hún var veitt. Enn fremur er ekki hægt að beita kröfum fyrsta málsli. 1. mgr. 6. gr. afturvirkrt. Því telur ESA að ráðstöfun 1 samræmist öllum skilyrðunum sem sett eru fram í 101. mgr. í auglýsingunni frá 2019 um endurheimtu og því falli ráðstöfun 1 undir reglugerðina frá 2013 um minniháttaraðstoð.

4.1.6 Niðurstaða

- (105) Á grundvelli þess sem að framan segir er það niðurstaða ESA að ráðstöfun 1 sé í samræmi við reglugerðina frá 2013 um minniháttaraðstoð og því sé hún ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

4.2 Ráðstöfun 2: fjármögnun lagningar ljósleiðaranetkerfis í sveitarfélaginu Ölfusi

4.2.1 Gildissvið ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn

- (106) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var það bráðabirgðamat ESA að ráðstöfun 2, þ.e. viðtaka fjármuna óbeint frá OR vegna lagningar ljósleiðaranetkerfis í sveitarfélaginu Ölfusi, uppfyllti öll skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og teldist því ríkisaðstoð⁽⁸⁶⁾.
- (107) Við mat á umfangi kvörtunarinnar og, í samræmi við það, við ákvörðun um gildissvið ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn, taldi ESA að kvörtunin varðaði meinta ríkisaðstoð sem einungis var veitt af hálfu OR til GR eftir ýmsum leiðum⁽⁸⁷⁾. Kvartandinn hefur, bæði í hinn upphaflegu kvörtun og síðan í sjónarmiðum sem sett hafa verið fram eftir það, hvað eftir annað vakið máls á áhyggjuefnum vegna ýmissa ráðstafana OR í þágu GR⁽⁸⁸⁾. Á það einnig við hvað varðar ráðstöfun 2.
- (108) Takmörkun gildissviðs ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn við ráðstafanir sem OR gerði einvörðungu er einnig augljóst af 6. hluta ákvörðunarinnar. Því taldi ESA í 57. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn að sú staðreynd ein og sér að ráðstöfun sé gerð af opinberu fyrirtæki nægi ekki sem slík til þess að hún verði rakin til ríkisins. Á sama hátt sagði ESA í 58. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn „eftirlitsstofnunin mun því þurfa að meta, í ljósi fyrrgreindra visbendinga, hvort OR hafi í samskiptum sínum við GR komið fram sem sjálfstæð efnahagsleg eining, laus við hvers kyns áhrif frá eigendum sínum, eða hvort rekja megi aðgerðir hennar til íslenskra stjórnvalda, þ.e. Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar.“
- (109) Enn fremur, í 63. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn, var það viðhorf ESA að í ljósi lagalegrar stöðu OR, samsetningar stjórnar þess og almennra aðstæðna sem lýst er að framan, geti ESA ekki útilokað að ráðstafanirnar megi rekja til ríkisins og að þær feli í sér yfirfærslu ríkisfjármuna, ef og að því marki sem þær ívilna GR. Í 64. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn bauð ESA íslenskum stjórnvöldum að tjá sig um þann þátt sem varðar tilstuðlan ríkisins. Því takmarkaði ESA matið á því hvort hún væri að tilstuðlan ríkisins við OR og tengsl þess við Reykjavíkurborg og Akraneskaupstað og Borgarbyggð fremur en aðra aðila á borð við Ölfus eða UÖ.
- (110) Á grundvelli þess sem að framan segir telur ESA að gildissvið ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn takmarkist við ráðstafanir, þ.m.t. ráðstöfun 2, sem alfarið eru gerðar af hálfu OR.
- (111) Samkvæmt viðurkenndri dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins („Dómstóllinn“) varðandi þátt formlegrar rannsóknar í málsmeðferð vegna ríkisaðstoðar „skv. 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er það skylda framkvæmdastjórnarinnar að tilkynna hagsmunaaðilum formlega um að þeir eigi kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri þegar formleg rannsókn stendur yfir [...]. Er þessi regla í eðli sínu þýðingarmikil málsmeðferðarkrafa. [...]“⁽⁸⁹⁾. ESA bendir á að 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins samsvari 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

⁽⁸⁶⁾ Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn, 104. mgr.

⁽⁸⁷⁾ Sama heimild, 12. mgr.

⁽⁸⁸⁾ Sjá 2. hluta ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁸⁹⁾ Dómur Almenna dómstólsins frá 12. desember 2018 í málinu *Freistaat Bayern gegn framkvæmdastjórninni*, T-683/15, EU:T:2018:916, 46. mgr., og dómaframkvæmd sem vísað er til.

- (112) Dómstóllinn hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að „[i] samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 659/1999, [verði] ákvörðunin um upphaf máls að draga saman viðkomandi málsatvik og lagarök, innihalda bráðabirgðamat framkvæmdastjórnarinnar og lýsa vafa um samræmi við innri markaðinn. Formleg rannsókn leyfir ítarlegri skoðun og skýringu á þeim vafaatriðum sem borin eru upp í ákvörðuninni um upphaf máls [...]. Framkvæmdastjórnin verður hins vegar, án þess að hún verði krafin um að setja fram fullbúna greiningu á aðstoðinni sem um ræðir, að skilgreina umgjörð rannsókna sinnar svo að réttur hagsmunaaðila til þess að leggja fram athugasemdir verði ekki þýðingarlaus [...]. Í því skyni nægir að viðkomandi aðilum sé kunnugt um þær röksemdir sem hafa leitt til þeirrar bráðabirgðaniðurstöðu framkvæmdastjórnarinnar að ráðstöfunin sem um ræðir kunni að fela í sér nýja aðstoð sem ekki sé samrýmanleg innri markaðinum [...]“⁽⁹⁰⁾. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 659/1999⁽⁹¹⁾ samsvarar 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3.
- (113) Enn fremur, samkvæmt Almenna dómstólnum: „[I]eiðir af þessu að 4. gr. reglugerðar 2015/1589, sem gildir í málinu á grundvelli 1. mgr. 15. gr. sömu reglugerðar, sem varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um ólögmeta aðstoð, mælir því fyrir um tæmandi lista yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin getur samþykkt að lokinni bráðabirgðaathugun á innlendu ráðstöfuninni sem um ræðir, sem felur ekki í sér þann möguleika að samþykkja ákvörðun þar sem lýst er yfir að innlend ráðstöfun sé samrýmanleg innri markaðinum án þess að framkvæmdastjórnin hafi fyrst tekið ákvörðun um að flokka þá ráðstöfun sem ríkisaðstoð. Einkum kveður 3. mgr. 4. gr. reglugerðar 2015/1589 á um að framkvæmdastjórnin geti lýst ráðstöfun samrýmanlega innri markaðinum „að því tilskildu að hún falli innan gildissviðs 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“⁽⁹²⁾. Ákvæði 4. og 15. gr. reglugerðar 2015/1589⁽⁹³⁾ samsvarar 4. og 13. gr. II. hluta bókar 3.
- (114) Mat ESA á ráðstöfun 2 er byggt á gildissviði ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn og þeim megireglum sem útskýrðar eru að framan og leiða af viðurkenndri dómaframkvæmd að því er varðar réttinn til að taka til varna. ESA tekur einnig mið af dómi Almenna dómstólsins að því er varðar skylduna til að komast að niðurstöðu um hvort aðstoð sé fyrir hendi áður en mat á því hvort aðstoðarráðstöfun sé samrýmanleg fer fram.
- 4.2.2 Mat á ráðstöfun 2
- (115) Eins og gerð hefur verið grein fyrir í undirkaflanum að framan var gildissvið ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn takmarkað við meinta ríkisaðstoð sem einungis var af hálfu OR til GR eftir ýmsum leiðum⁽⁹⁴⁾.
- (116) Í athugasemdunum við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn útskýrðu íslensk stjórnvöld að Ölfusi hafi verið skylt og sveitarfélagið hafi innt af hendi greiðslur til GR samkvæmt samningi sem aðilarnir tveir gerðu 31. janúar 2014 (sjá mgr. (34))⁽⁹⁵⁾. Einnig var það Ölfus sem hafði valdheimild til þess að slíta UÖ (sjá mgr. (35) og (36)).

⁽⁹⁰⁾ Sama heimild, 47. mgr., og dómaframkvæmd sem vísað er til.

⁽⁹¹⁾ Reglugerð ráðsins nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, Stjtið. ESB L 83, 27.3.1999, bls. 1, með áorðnum breytingum.

⁽⁹²⁾ Dómur Almenna dómstólsins frá 6. nóv. 2022, í málinu *Holland* gegn framkvæmdastjórninni, T-469/20, EU:T:2022:713, 59. mgr. (í óopinberri þýðingu ESA yfir á ensku). Niðurstöðu áfrýjunar er beðið hjá Dómstól Evrópusambandsins í málinu *framkvæmdastjórnin* gegn *Hollandi*, C-40/23 P, 59. mgr. dómsins í T-469/20: ‘*Il en résulte que l’article 4 du règlement 2015/1589, applicable en l’espèce en vertu de l’article 15, paragraphe 1, dudit règlement, relatif aux décisions de la Commission en matière d’aide illégale, fixe donc une liste exhaustive des décisions que la Commission peut adopter à l’issue de l’examen préliminaire de la mesure nationale en cause, au nombre desquelles ne figure pas la possibilité d’adopter une décision déclarant une mesure nationale compatible avec le marché intérieur sans que la Commission se soit au préalable prononcée sur la qualification d’aide d’État de cette mesure. En particulier, l’article 4, paragraphe 3, du règlement 2015/1589 prévoit que la Commission peut déclarer une mesure compatible avec le marché intérieur, « pour autant qu’elle entre dans le champ de l’article 107, paragraphe 1, TFUE ».*

⁽⁹³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 frá 13. júlí 2015 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 9.

⁽⁹⁴⁾ Af þessu má ráða að með samþykkt ákvörðunarinnar um að hefja rannsókn hafi hagsmunaaðilum verið gefið tækifæri til þess að tjá sig um ráðstafanir að svo miklu leyti sem þær voru einungis gerðar af hálfu OR.

⁽⁹⁵⁾ Íslensk stjórnvöld lögðu enn fremur fram samninginn frá 31. janúar 2014 milli GR og Ölfuss. Sjá skjal nr. 1369220.

- (117) ESA veitir því athygli að það sem PFS heldur fram í ákvörðun nr. 11/2015 (sjá mgr. (37)) bendi til þess að ráðstöfun 2 hafi ekki einungis verið gerð af hálfu OR. Þetta viðhorf PFS má skýrlega ráða af niðurstöðu stofnunarinnar í ákvörðun nr. 11/2015 um að OR og Ölfus hafi í *sameiningu* úthlutað fjármunum sjóðsins til ljósleiðarakerfisins ⁽⁹⁶⁾. Sú afstaða PFS að ráðstöfun 2 hafi ekki verið gerð af hálfu OR er einnig gefin til kynna með viðeigandi ráðstöfunum sem PFS leggur til varðandi endurgreiðslu fjármuna sem GR tók við frá UÖ. Einkum lagði PFS til að GR gæti annað hvort endurgreitt fjármunina til Ölfuss, eða Ölfus gæti fengið viðhlítandi hlut í verkefninu í réttu hlutfalli við fjárfestingu sína. ESA ítrekar að þessi afstaða PFS bendi einnig til þess að ráðstöfunin hafi verið gerð af hálfu Ölfuss frekar en OR, og að minnsta kosti ekki einungis af hálfu OR.
- (118) Er það niðurstaða ESA - þar sem vikið er frá bráðabirgðamatinu sem greint var frá í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn - að ráðstöfun 2 hafi ekki einungis verið gerð af hálfu OR. Því telur ESA að ráðstöfun 2 teljist ekki ráðstöfun af hálfu OR til hagsbóta fyrir GR.
- (119) ESA telur að gildissvið ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn takmarkist við ráðstafanir sem einungis OR gerði gagnvart GR ⁽⁹⁷⁾. Því kemst ESA ekki að niðurstöðu í þessari ákvörðun um hvort ráðstöfun 2 teljist ríkisaðstoð að því marki sem ráðstöfunin var gerð af aðila öðrum en (eða sameiginlega með) OR.
- (120) Einnig þarf ESA, samkvæmt dómi Almenna dómstólsins í T-469/20, að leggja mat á hvort ríkisaðstoð sé til staðar áður en fram fer mat á því hvort hún sé samrýmanleg (sjá mgr. (113)). Í þessari ákvörðun var það niðurstaða ESA að ráðstöfun 2 teldist ekki ríkisaðstoð af hálfu OR til GR. Því leggur ESA ekki mat á röksemdir íslenskra stjórnvalda að því er varðar það hvort ráðstöfunin sé samrýmanleg EES-samningnum.
- (121) Að síðustu vekur ESA athygli á því, á grundvelli röksemda íslenskra stjórnvalda, að möguleg ívilnun vegna ráðstöfunar 2 virðist hafa verið endurgreidd af hálfu GR til Ölfuss (mgr. (55)). Hins vegar, af þeim ástæðum sem settar eru fram í fyrri málsgrein, kemst ESA ekki að niðurstöðu í þessari ákvörðun um hvort mögulegur ávinningur af ráðstöfuninni hafi verið endurheimtur af GR.

4.2.3 Niðurstaða

- (122) Það er niðurstaða ESA að ráðstöfun 2 feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins af hálfu OR til GR.

4.3 Ráðstöfun 3: skammtímalánveiting OR til GR

4.3.1 Inngangur

- (123) Réttarkerfi EES er hlutlaust að því er varðar skipan eignarréttinda og takmarkar ekki á nokkurn hátt rétt EFTA-rikkjanna til þess að stunda efnahagslega starfsemi ⁽⁹⁸⁾. Hins vegar falla stjórnvöld undir ríkisaðstoðarreglur EES, samanber leiðbeinandi reglur ESA um hugtakið ríkisaðstoð, þegar þau eiga viðskipti, beint eða óbeint, í hvaða formi sem er ⁽⁹⁹⁾.
- (124) Viðskipti opinberra aðila (þ.m.t. opinberra fyrirtækja) hafa ekki í för með sér ívilnun fyrir gagnaðila og teljast því ekki aðstoð ef þau fara fram í samræmi við venjulegar markaðsaðstæður ⁽¹⁰⁰⁾. Til þess að leggja mat á þetta hafa dómstólar EES þróað hugtak sem nefnt er markaðsaðilareglan. Atriði sem ræður úrslitum við prófun samkvæmt markaðsaðilareglunni er hvort opinberir aðilar hafi hagað sér eins og markaðsaðili hefði gert við svipaðar aðstæður. Meta ber hvort íhlutun af hálfu ríkisins sé í samræmi við markaðsaðstæður fyrirfram, með tilliti til þeirra upplýsinga sem voru tiltækar á þeim tíma þegar íhlutunin var ákveðin ⁽¹⁰¹⁾. Ef svo er ekki hefur fyrirtækið sem naut góðs af ráðstöfuninni hlotið efnahagslegan ávinning sem það hefði ekki hlotið við eðlilegar markaðsaðstæður, og komist í betri stöðu í samanburði við keppinauta sína ⁽¹⁰²⁾.

⁽⁹⁶⁾ Ákvörðun PFS nr. 11/2015 frá 2. júní 2015, kafli 4.2.

⁽⁹⁷⁾ Sjá einnig dómafrákvæmd sem vísað er til í fyrri undirkafla.

⁽⁹⁸⁾ Í 125. gr. EES-samningsins segir: „Samningur þessi hefur engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar.“

⁽⁹⁹⁾ Leiðbeinandi reglur ESA um hugtakið ríkisaðstoð, 40. og 41. mgr., og dómafrákvæmd sem vísað er til. *Stjtið. ESB L 342, 21.12.2017*, bls. 15 og EES-viðbætur nr. 82, 21.12.2017, bls. 1, 73. mgr.

⁽¹⁰⁰⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 74. mgr.

⁽¹⁰¹⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 78. mgr.

⁽¹⁰²⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 76. mgr.

- (125) Leiða þarf í ljós hvort tiltekin viðskipti séu í samræmi við markaðsaðstæður með heildarmati á áhrifum viðskiptanna á umrætt fyrirtæki án þess að taka tillit til þess hvort þær sérstöku leiðir sem farnar voru til að framkvæma viðskiptin væru mögulegar fyrir markaðsaðila ⁽¹⁰³⁾.
- (126) Vísað er til þess að það er hlutverk ESA að framkvæma heildarmat, að teknu tilliti til allra viðeigandi gagna í málinu sem gera eftirlitsstofnuninni kleift að ákvarða hvort GR hefði bersýnilega ekki getað notið svipaðrar aðstöðu í gegnum sambærilegan einkaaðila ⁽¹⁰⁴⁾.
- (127) Á sama hátt og í öllum öðrum viðskiptum geta lán og ábyrgðir opinberra aðila (að meðtöldum opinberum fyrirtækjum) falið í sér ríkisaðstoð ef þær eru ekki í samræmi við markaðsskilmála ⁽¹⁰⁵⁾. Ef ekki eru fyrir hendi markaðsupplýsingar um tiltekin skuldaviðskipti er hægt að sýna fram á samræmi skuldaskjalsins við markaðsaðstæður á grundvelli samanburðar við sambærileg markaðsviðskipti (þ.e. með samanburðarmati) ⁽¹⁰⁶⁾. Samanburðarmat leiðir oft ekki í ljós eitt nákvæmt viðmiðunargildi heldur frekar mögulegt verðbil með því að lagt er mat á safn sambærilegra viðskipta. Þar sem markmið matsins er að skoða hvort íhlutun af hálfu ríkisins sé í samræmi við markaðsaðstæður er yfirleitt viðeigandi að skoða miðjumælingu fyrir tiltekna ráðstafanir, s.s. meðaltal eða miðgildi fyrir safn sambærilegra viðskipta ⁽¹⁰⁷⁾.
- (128) Bráðabirgðamat ESA í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn var að prófunin sem PFS lagði til grundvallar skv. 36. gr. fjarskiptalaga tryggi almennt að öll viðskipti milli GR og OR, eða önnur tengd fyrirtæki, séu á markaðskjörum. Hins vegar bendi það ekki endilega til þess að allar ráðstafanir sem eru brot á 36. gr. teljist einnig ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- (129) PFS hafði komist að þeirri niðurstöðu að til þess að tryggja virkni 36. gr. beri að leggja viðan skilning í hugtakið „styrkur“ í svo það taki til allra ráðstafana sem komu frá OR, bæði beinna og óbeinna, sem mögulega leiða til ívilnunar fyrir GR sem samkeppnisaðilar þess á markaði njóti ekki ⁽¹⁰⁸⁾. Aðgreinir þetta túlkun PFS á 36. gr. frá hugtakinu ríkisaðstoð í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Svo hið síðarnefnda eigi við er mögulegur ávinningur fyrir fyrirtæki einn og sér ekki nóg.
- (130) Dómstólar EES hafa staðfest að ESA geti ekki talið víst að fyrirtæki hafi haft hag af ávinningi sem teljist ríkisaðstoð einungis með því að draga neikvæða ályktun á grundvelli skorts á upplýsingum sem leiddu til gagnstæðrar niðurstöðu, ef engar aðrar sannanir eru sem leiða í ljós með óyggjandi hætti að slíkur ávinningur sé raunverulega fyrir hendi ⁽¹⁰⁹⁾.
- (131) Skammtímalánveiting á grundvelli samnings um sjóðspott milli OR og GR virðist ekki vera í samræmi við venjulegan tilgang að baki fyrirkomulagi fyrir sjóðspott innan samstæðu. Tilgangurinn með sjóðspotti er yfirleitt sá að stýra skammtímalausafjárstöðu innan samstæðu á skilvirkan hátt með því að gera þeim hópi fyrirtækja sem eru þátttakendur kleift að sameina skammtímaskuldir og inneignir á ýmsum reikningum á einum reikningi. Heldur var tilgangur GR með samkomulagi um skammtímalán frá OR að fjármagna fjárfestingar í uppbyggingu innviða fyrir ljósleiðarakerfi í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum. Því telur ESA betur við hæfi að bera saman skammtímalán á grundvelli samningsins um sjóðspott við venjuleg lánaviðskipti þegar mat á viðeigandi viðskiptum fer fram við samanburðarmat.

4.3.2 Vísendingar um hugsanlega ívilnun

⁽¹⁰³⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 80. mgr.

⁽¹⁰⁴⁾ Sjá mál C-244/18 P, *Larko* gegn *framkvæmdastjórninni*, EU:C:2020:238, 29. mgr., og dómaframkvæmd sem vísað er til.

⁽¹⁰⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 108. mgr.

⁽¹⁰⁶⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 111. mgr.

⁽¹⁰⁷⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 100. mgr.

⁽¹⁰⁸⁾ Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn, 84. mgr.

⁽¹⁰⁹⁾ Dómur í málinu *BTB Holding Investments and Duferco Participations Holding* gegn *framkvæmdastjórninni*, C-148/19 P, EU:C:2020:354, 48. mgr.

- (132) Ákvörðun PSF nr. 3/2019 leggur áherslu á þá staðreynd að skortur á formlegum frágangi við skammtímalánveitingar milli OR og GR vekir efasemdir um að virkur fjárhagslegur aðskilnaður hafi verið milli fyrirtækjanna tveggja sem hefði tryggt að tekjur af annarri starfsemi niðurgreiði ekki samkeppnisstarfsemi GR á sviði fjarskipta. Það að samningurinn um sjóðspott sé án skilyrða sem venjulega er að finna í lánssamningum milli sjálfstæðra aðila, og möguleg hætta á röskun á samkeppni á þeim grundvelli, virðist nóg til að PFS telji að um sé að ræða brot á 36. gr. fjarskiptalaga. Hins vegar þarf lántakinn, eða GR, að hafa notið raunverulegrar ívilnunar svo 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eigi við.
- (133) ESA bendir á að ekki sé óvenjulegt að skammtímalánveitingar innan samstæðna séu óformlegri en þegar um er að ræða sjálfstæð fyrirtæki í ljósi sameiginlegra yfirlýðinga yfir bæði lántaka og lánveitanda, sem m.a. annars dregur úr áhættu af viðskiptunum sem annars væri til staðar milli sjálfstæðra aðila ⁽¹¹⁰⁾. Þetta einkenni viðskipta innan samstæðu einskorðast ekki við fyrirtæki í opinberri eigu. Jafnvel þó að samningur um sjóðspott reglubindi ekki atriði á borð við lengd og sérstakar skuldbindingar, sem venjulega hefðu verið hluti af lánssamningi milli sjálfstæðra aðila, fær ESA ekki séð að þessi skortur á formbindingu geti út af fyrir sig sýnt örugglega fram á að ívilnun hafi raunverulega verið til staðar.
- (134) Kvartandi heldur því fram til viðbótar ⁽¹¹¹⁾ að vextir á lánum GR séu ekki á markaðsskilmálum sem endurspegli þá útlánaáhættu sem fylgi fyrirtæki á borð við GR, sem sé með mjög hátt skulda/EBITDA hlutfall ⁽¹¹²⁾. Líkt og fram kemur í ákvörðun PFS telur ESA að þessar upplýsingar bendi til mögulegrar ívilnunar en ekki sé um að ræða staðreynd sem út af fyrir sig sýni fram á með öyggjandi hætti raunverulega tilvist ávinnings fyrir GR. Hlutfall skulda/EBITDA er einungis einn af nokkrum þáttum sem hafa þýðingu og tekið er mið af þegar einkalánveitendur meta hvaða vexti skuli bjóða lántaka, sem og þegar lánshæfismatsfyrirtæki ákvarðar lánshæfi ⁽¹¹³⁾.

4.3.3 Viðbótargögn sem hafa þýðingu

- (135) ESA hefur einnig lagt mat á hvort viðbótargögn sem máli skipta ásamt upplýsingum sem liggja fyrir í ákvörðun PFS og frá kvartanda séu til þess fallnar að sýna örugglega fram á raunverulegan ávinning fyrir GR.
- (136) Ekki er mögulegt á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga að sýna beint fram á samræmi við markaðsaðstæður með markaðsgögnum sem varða tiltekin viðskipti. Því verður að meta samræmi lánaviðskiptanna við markaðsaðstæður á grundvelli annarra tiltækra aðferða ⁽¹¹⁴⁾. Ein tiltæk aðferð felst í því að meta hvort viðskipti séu í samræmi við markaðsaðstæður í ljósi skilmála í sambærilegum viðskiptum sem sambærilegir einkaaðilar hafa átt í við sambærilegar aðstæður (samanburðarmat) ⁽¹¹⁵⁾.

4.3.4 Viðskipti til samanburðar

- (137) Svo unnt sé að auðkenna viðeigandi samanburðarviðskipti er nauðsynlegt að gaumgæfa sérstaklega hvers konar rekstraraðila er um að ræða, tegund viðskipta sem eru í húfi og viðkomandi markað eða markaði. Tímasetning viðskiptanna hefur einnig þýðingu, einkum þegar umtalsverðar breytingar hafa orðið á efnahagsþróun á milli þess er viðskiptin sem verið er að meta voru framkvæmd ⁽¹¹⁶⁾.

⁽¹¹⁰⁾ Sjá t.d. mgr. 10.54 til 10.56 í kafla C 1.1.1. í leiðbeiningum OECD um verðlagningu í fjármálaviðskiptum, [OECD pricing guidance on financial transactions](#).

⁽¹¹¹⁾ Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn, 13. mgr.

⁽¹¹²⁾ Hagnaður fyrir vexti, skatta, afskriftir og niðurfærslur (EBITDA) er mælikvarði á rekstrarafkomu fyrirtækis.

⁽¹¹³⁾ Í bréfi kvartanda frá 13. september til ESA bendir kvartandi á að GR ætti að hafa lágt lánshæfismat miðað við aðferðafræði Moody's við ákvörðun lánshæfiseinkunnna vegna hlutfalls skulda/EBITDA hjá fyrirtækinu og að þetta hefði þýtt að 780-900 grunnpunktar hefðu átt að bæta við viðmiðunarvextina samkvæmt leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar sjálfar. Hins vegar er vægi þessa tiltekna mælikvarða aðeins 15% í matsaðferð Moody's, sem vægi undirþáttarins er til marks um.

⁽¹¹⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 97. mgr.

⁽¹¹⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 98. mgr.

⁽¹¹⁶⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 99. mgr.

- (138) Sterk vísending er til staðar um að lánaviðskiptin hafi verið í samræmi við markaðsaðstæður hafi GR, á þeim tíma sem skammtímalánveiting á grundvelli samnings um sjóðspott hófst, átt kost á sambærilegum lánaviðskiptum sem báru svipaða vexti. Hið sama á við ef hægt er að leiðrétta með samlega nákvæmum hætti fyrir hvers konar mismun sem hefur efnahagslega þýðingu milli samanburðarviðskiptanna og skammtímalánveitingarinnar á grundvelli samningsins um sjóðspott. Notkun slíkra viðskipta til samanburðarmats hefur þann kost að ekki þyrfti frekara mat á því um hvers konar rekstraraðila og markað er að ræða þar sem GR væri sjálft aðili að samanburðarviðskiptunum.
- (139) Samkvæmt íslenskum stjórnvöldum buðust GR tvö lán frá einkalánveitendum 21. og 22. desember 2016, í þeirri röð. Var þetta eftir undirritun samnings um sjóðspott 1. desember 2016, en áður en hin raunverulega skammtímalánveiting frá OR til GR hófst í janúar 2017. Eins og íslensk stjórnvöld hafa útskýrt voru skilmálarnir ræddir við einkalánveitandann áður en samningurinn um sjóðspott var undirritaður og OR tók mið af fyrri lántilboðum frá einkalánveitendum við ákvörðun vaxtaálags ⁽¹¹⁷⁾.
- (140) Í fyrsta lagi, að því er varðar lántilboð 21. desember 2016 frá [...] ⁽¹¹⁸⁾, bendir ESA á að um hafi verið að ræða bindandi tilboð ⁽¹¹⁹⁾. Samanburður á þeim skilmálum lántilboðsins sem hafa mesta efnahagslega þýðingu við skilmála í samningnum um sjóðspott er settur fram í töflunni hér á eftir.

Tafla 1.1 Lántilboð frá [...] borið saman við samninginn við OR um sjóðspott

Skilmálar sem hafa efnahagslega þýðingu:	Lántilboð frá [...]	Samningur við OR um sjóðspott
Vaxtakjör	[...] ⁽¹²⁰⁾ [...]	[...]
Annar kostnaður	[...]	[...]
Gildistími	[...]	[...]
Lánsfjárhæð	[...]	[...]
Tryggingar	[...]	[...] ⁽¹²¹⁾
Skuldaröð	[...]	[...]
Sérstakar skuldbindingar	[...]	[...] ⁽¹²²⁾

- (141) ESA bendir á að bæði tilboð [...] og samningurinn um sjóðspott séu með breytilegum vöxtum sem velti á markaðsvöxtum. Samningurinn um sjóðspott, sem byggði á REIBOR-vöxtum (meðalvöxtum millibankaútlána í íslenskum krónum á millibankamarkaði í Reykjavík), leiddi til þess að vextir voru nálægt óverðtryggðum kjörvöxtum í tilboði [...]. Að minnsta kosti er það vísending um að vextir sem samið var um í samningnum um sjóðspott hafi verið á stigi sem þætti viðunandi á markaði.
- (142) Engar sérstakar skuldbindingar fylgdu samningnum um sjóðspott, sem er talsvert algengt í lánaviðskiptum innan samstæðu (sjá mgr. (133)). Hins vegar, með því að fylgja sérstöku skuldbindingunum í láninu frá [...], myndi sama vernd fyrir kröfuhafa og möguleg er með því að takmarka lágmark eiginfjárlutfalls, að stórum hluta einnig í raun koma OR til góða.
- (143) ESA vekur athygli á að samningurinn um sjóðspott inniheldur ekki þóknun fyrir lánaþyrirgreiðslu og lánaskuldbindingu. Hins vegar telur ESA að þó að þessar þóknunir hafi ekki verið í samningnum um sjóðspott innan samstæðu hafi það ekki efnislega þýðingu við mat á vaxtastigi í hinum síðarnefnda.

⁽¹¹⁷⁾ Skjal nr. 1369196, bls. 22.

⁽¹¹⁸⁾ Skjal nr. 1267408.

⁽¹¹⁹⁾ Sama heimild.

⁽¹²⁰⁾ Á íslensku *Óverðtryggð lán, kjörvextir*. Sjá [...].

⁽¹²¹⁾ Yfirlit og eignarhald lánveitanda á dótturfyrirtækinu sem gerir að verkum að setning tryggingar hefur minna vægi við áhættugreiningu á honum sem lánveitanda, cf. mgr. 10.56 í kafla C.1.1.1. í leiðbeiningum OECD um verðlagningu í fjármálaviðskiptum, [OECD pricing guidance on financial transactions](#).

⁽¹²²⁾ Hugsanlega er minna um að upplýsingar sem einstakar einingar búa yfir séu ósamhverfar innbyrðis (þ.e. meiri sýnileiki) innan samstæðu en við aðstæður þar sem um er að ræða ótengda aðila. Lánveitendur innan samstæðu geta valið að tiltaka ekki sérstakar skuldbindingar varðandi lán til tengdra fyrirtækja, sumpart þar sem ólíklegra er að þeir gjaldi fyrir ósamhverfar upplýsingar, cf. mgr. 10.86 í kafla C.1.1.5. í leiðbeiningum OECD um verðlagningu í fjármálaviðskiptum, [OECD pricing guidance on financial transactions](#).

- (144) Að því er varðar þóknun fyrir lánaþyrngreiðslu, varðar hún ósamhverfar upplýsingar og tengda viðbótaráhættu og umsýslukostnað sem ekki er fyrir hendi í viðskiptum innan samstæðu. Að því er varðar þóknun fyrir lánaskuldbindingu varðar hún lánveitanda sem er þriðji aðili sem skuldbindur sig til að gera vissa upphæð fjármagns tiltæka á gildistíma lánalínusamnings. Hins vegar hefur sjóðspottur innan samstæðu ekki slíka eiginleika þar sem hann verður ekki notaður til lánveitinga til þriðja aðila og móðurfyrirtækið getur slitið honum á hverjum tíma.
- (145) Þar að auki, jafnvel þó að slíkar þóknir hefðu haft þýðingu við mat á samningnum um sjóðspott innan samstæðu (sem á ekki við), þýðir upphæð þessara þóknana í tilboðinu 21. desember 2016 (sjá töflu 1.1) ekki að vaxtastig í samningnum um sjóðspott yrði utan við vaxtabilið á markaði. ESA ítrekar að fyrirkomulagið fyrir sjóðspottinn er sett upp milli tengdra aðila, ekki ætlað til lánveitinga til þriðja aðila og móðurfyrirtækið getur slitið því hvenær sem er. Því yrðu viðkomandi þóknir væntanlega enn lægri í samningnum um sjóðspott en í tilboðinu 21. desember 2016 af hálfu [...].
- (146) Eftir að hafa fjallað um skilmála sem hafa mesta efnahagslega þýðingu í lánstilboði frá [...] er það niðurstaða ESA að hinir raunverulegu vextir sem GR buðust virðist sambærilegir efnahagslega og þeir sem voru í samningnum um sjóðspott.
- (147) Þó að ekki beri að jafna lánatilboðum að fullu við raunveruleg viðskipti til samanburðar, þar sem þau hafi ekki orðið að bindandi viðskiptum, er bindandi tilboð engu að síður góð vísending um aðra lánamöguleika GR. Upplýsingar um önnur viðskipti sem lantaki gæti mögulega gengið að væru meðal upplýsinga sem einkalánveitandi myndi að jafnaði taka til athugunar þegar samið er um skilmála lánessamnings.
- (148) Í öðru lagi barst GR annað lánstilboð 22. desember 2016 frá [...] sem leiddi til þess að gerður var lánessamningur 28. desember 2016 (sjá mgr. (59)). Samanburður á þeim skilmálum samningsins sem hafa mesta efnahagslega þýðingu við þá sem voru í samningnum um sjóðspott er settur fram í töflunni hér á eftir.

Tafla 1.2. Lánessamningur við [...] í samanburði við samninginn við OR um sjóðspott

Skilmálar sem hafa efnahagslega þýðingu:	Lánessamningur við [...]	Samningur við OR um sjóðspott
Vaxtakjör	[...]	[...]
Annar kostnaður	[...]	Enginn
Gildistími	[...]	[...]
Lánsfjárhæð	[...]	[...]
Tryggingar	[...]	[...] ⁽¹²³⁾
Skuldaröð	[...]	[...]
Sérstakar skuldbindingar	• [...]	[...] ⁽¹²⁴⁾

- (149) Eins og ráða má af töflu 1.2 að framan er lánið frá [...] með aðra grunnvexti en lánveitingin úr sjóðspottinum. Munur er hins vegar á álaginu sem leiðir til sömu heildarvaxta.
- (150) Engar sérstakar skuldbindingar fylgdu samningnum um sjóðspott sem er talsvert algengt í lánaviðskiptum innan samstæðu (sjá einnig mgr. (133)). Hins vegar, með því að fylgja sérstöku skuldbindingunum í lánessamningnum við [...], myndi sama vernd fyrir kröfuhafa, t.d. takmarkanir á lágmarki eiginfjárlutfalls, [...], [...] og [...] að stórum hluta einnig koma OR til góða í rauninni.

⁽¹²³⁾ Yfirlit og eignarhald lánveitanda á dótturfyrirtækinu sem gerir að verkum að setning tryggingar skiptir minna mæli við áhættugreiningu á honum sem lánveitanda, cf. mgr. 10.56 í kafla C í leiðbeiningum OECD um verðlagningu í fjármálaviðskiptum, [OECD pricing guidance on financial transactions](#).

⁽¹²⁴⁾ Hugsanlega er minna um að upplýsingar sem einstakar einingar búa yfir séu ósamhverfar innbyrðis (þ.e. meiri sýnileiki) innan samstæðu en við aðstæður þar sem um er að ræða ótengda aðila. Lánveitendur innan samstæðu geta valið að tiltaka ekki sérstakar skuldbindingar varðandi lán til tengdra fyrirtækja, sumpart þar sem ólíkleggra er að þeir gjaldi fyrir ósamhverfar upplýsingar, cf. mgr. 10.86 í kafla C í leiðbeiningum OECD um verðlagningu í fjármálaviðskiptum, [OECD pricing guidance on financial transactions](#).

- (151) Að því er varðar það að engin þóknun hafi verið fyrir lánaþyrirgreiðslu í samningnum um sjóðspott telur ESA slíka þóknun ekki hafa þýðingu í samningi um sjóðspott innan samstæðu af þeim ástæðum sem nefndar eru í mgr. (144) að framan. Enn fremur er lánaþyrirgreiðslu-þóknunin sem um ræðir, sem samið var um milli ótengdra aðila, sett fram sem hundradshluti af þóknuninni ([...] m.kr.) vegna lánsfjárhæðarinnar ([...] m.kr.) einungis [...]. Því myndi einskiptisþóknun í öllu falli ekki leiða til umtalsverðs munar milli vaxta í lánsamningi [...] og samningnum um sjóðspott (sjá einnig mgr. (145)).
- (152) Jafnframt er lánsamningurinn við [...] dæmi um samþykkt einkalánveitanda á [...] vöxtum fyrir GR svo fremi að þeir væru [...] eins og rakið er að framan.
- (153) Eftir að hafa skoðað þá skilmála sem hafa mesta efnahagslega þýðingu að því er varðar lánstilboð frá [...], er það niðurstaða ESA að vextirnir sem GR buðust virðist tiltölulega sambærilegir við þá sem eru í samningnum um sjóðspott, eða að minnsta kosti innan vaxtabils sem GR hefði líklega boðist á markaði.
- (154) Á grundvelli ofangreindra atriða telur ESA að lánstilboðið frá [...] frá 21. desember 2016 og lánsamningurinn við [...] frá 28. desember 2016 endurspegli sanngjarna og tímanlega vaxtaskilmála á markaði á lánum sem eru sambærileg og lán úr sjóðspotti frá OR til GR.

4.3.5 Önnur samanburðardæmi og staðgönguvextir

- (155) ESA telur að ofangreint lánstilboð og lánsamningur sýni betur þann fjármögnunarkostnað sem GR átti í raun kost á en þann sem myndi eiga við samkvæmt leiðbeinandi reglum ESA um viðmiðunar- og afreiknivexti. Vextirnir samkvæmt þeim leiðbeiningunum eru einungis staðgönguviðmið í aðstæðum þegar ekki er auðvelt að auðkenna sambærileg markaðsviðskipti ⁽¹²⁵⁾. Óvissan um áreiðanleika þessara staðgönguvaxta eykst hér enn frekar með því að veruleg óvissa er varðandi rétt gildi fyrir inntaksgögn sem nauðsynleg eru til þess að sýna staðgönguvextina, það er að ákvarða réttan vaxtaflokk og mælikvarða fyrir hlutfall taps að gefnum vanefndum í tilvikum GR.
- (156) Á þessum grundvelli telur ESA að lánstilboðið frá [...] frá 21. desember 2016 og samningurinn við [...] um lán til GR frá 28. desember 2016 séu dæmi um bestu mögulegu staðgönguviðmiðin fyrir markaðsvextina. Því telur ESA að GR virðist ekki hafa hlotið efnahagslegan ávinning sem það hefði ekki hlotið við eðlilegar markaðsaðstæður.

4.3.6 Niðurstaða

- (157) Er það niðurstaða ESA að fyrirbyggjandi upplýsingar sýni ekki fram á með óbyggjandi hætti að skammtímalánið sem byggði á samningi við OR um sjóðspott á tímabilinu frá janúar 2017, þar sem öll lán voru greidd að fullu fyrir árslok 2017, hafi leitt til ívilnunar fyrir GR. Þær upplýsingar sem ESA hefur aðgang að benda frekar til þess að vaxtakjörin endurspegli eðlilegar markaðsaðstæður fyrir sambærilegt lán. Í ljósi þess að ekki eru uppfyllt öll skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, telst ráðstöfun 3 ekki ríkisaðstoð í skilningi ákvæðisins.

4.4 Ráðstöfun 4: skilyrði í lánsamningnum GR við einkalánveitendur að OR verði áfram meirihlutaeigandi að GR (skilmáli um breytingu á yfirráðum)

- (158) Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er eitt skilyrðanna sem þurfa öll að vera uppfyllt, að svo ráðstöfun teljist ríkisaðstoð þurfi hún að vera veitt af hálfu ríkisins eða með ríkisfjármunum (sjá einnig hluta 4).
- (159) GR er einkahlutafélag sem er alfarið í eigu OR. Fjármunir opinberra fyrirtækja geta talist ríkisfjármunir í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins því ríkið hefur tök á að stýra nýtingu þessara fjármuna ⁽¹²⁶⁾.
- (160) Hins vegar, þegar um er að ræða ráðstafanir af hálfu opinberra fyrirtækja, er einnig nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort stjórnvöld geti talist hafa átt þátt í, með einum eða öðrum hætti, að samþykkja ráðstöfunina. Sú staðreynd einvörðungu að opinbert fyrirtæki taki ákvörðun um aðstoð nægir ekki eitt og sér til að telja að hún verði rakin til ríkisins ⁽¹²⁷⁾.

⁽¹²⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 113. mgr.

⁽¹²⁶⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 49. mgr.

⁽¹²⁷⁾ Leiðbeinandi reglur um hugtakið ríkisaðstoð, 40. og 41. mgr., og dómaframkvæmd sem vísað er til.

- (161) Að því er varðar ráðstöfun 4 er OR eini viðkomandi aðilinn sem getur hafa gripið til íhlutunar af hálfu ríkisins þannig að það ívilnaði GR. ESA ítrekar að ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn taki til ráðstafana sem einungis eru gerðar af hálfu OR (sjá mgr. (110)).
- (162) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn taldi ESA nauðsynlegt að meta hvort OR hafi í samskiptum sínum við GR komið fram sem sjálfstæð efnahagsleg eining og verið laust við hvers kyns áhrif af völdum eigenda sinna, eða hvort athafnir þess séu að tilstuðlan íslenskra stjórnvalda, þ.e. Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna Akranesbyggðar og Borgarbyggðar (58. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn). ESA komst ekki að niðurstöðu um hvort ráðstafanirnar hefðu stafað frá ríkinu og fælu í sér yfirfærslu á fjármunum ríkisins (63. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn).
- (163) Eftir samþykkt ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn, lögðu íslensk stjórnvöld fram athugasemdir sem sýndu að OR var ekki aðili að neinum lánsamningum sem hafa þýðingu og gerðir voru milli GR og einkalánveitendanna tveggja ⁽¹²⁸⁾. Engin gögn eru um það heldur að ríkið (þ.m.t. sveitarfélög) hafi átt þátt í samningaviðræðum eða samþykkt lánsamningana eða skilmálann um breytingu á yfirræðum. ESA vekur athygli á að enginn annar hagsmunaaðili hafi lagt fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn.
- (164) Því er það niðurstaða ESA að OR sé ekki aðili að, né hafi fyrirtækið tekið þátt í að semja um skilmálann um breytingu á yfirræðum, og engin gögn séu um þátttöku ríkisins í ráðstöfun 4.
- (165) Íslensk stjórnvöld færðu fram þær röksemdir og lögðu fram gögn um að skilmálinn um breytingu á yfirræðum hafi verið settur inn að beiðni lánveitendanna ⁽¹²⁹⁾. Þau lögðu einnig fram álit lögfræðings um að skilmálum um breytingu á yfirræðum sé oft beitt hjá fjármálastofnunum bæði á Íslandi og almennt í Evrópu ⁽¹³⁰⁾. Sú staðreynd að skilmálinn sé algengur á Íslandi sé einnig viðurkennd af hálfu PFS. Í ákvörðun sinni nr. 3/2019 vefengdi PFS ekki fullyrðingu GR um að skilmálinn um breytingu á yfirræðum væri sambærilegur stöðluðum alþjóðasamningum. Þvert á móti viðurkenndi PFS að skilmálar um breytingu á yfirræðum tíðkuðust meðal lánveitenda ⁽¹³¹⁾.
- (166) Íslensk stjórnvöld lögðu einnig fram gögn um að það að fjarlægja skilmálann um breytingu á yfirræðum hefði ekki haft áhrif á aðgang að eða vexti hjá einkalánveitanda (sjá mgr. (66)). Er bersýnilegt af samskiptum milli lánveitandans og GR að sá fyrrnefndi hafi ekki lagt neitt upp úr því að skilmálinn um breytingu á yfirræðum væri fjarlægður ⁽¹³²⁾. Skýrt er að umræðurnar vörðuðu fjárhagslega þætti GR óháð eignarhaldi.
- (167) Samkvæmt viðurkenndri dómaframkvæmd er það ESA að færa sönnur á tilvist ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽¹³³⁾.
- (168) Eins og hefur verið útskýrt að framan var OR ekki aðili að lánsamningunum sem hafa þýðingu að því er varðar ráðstöfun 4 og engar upplýsingar eru um að ríkið hafi komið að ráðstöfun 4. Öllu heldur virðist sem ráðstöfunin hafi komið til að beiðni lánveitendanna, sem almenn markaðsvenja.
- (169) Enn fremur sýna gögn sem ESA hefur til umráða að – þvert gegn bráðabirgðaaafstöðu ESA í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn – leiddi skilmálinn um breytingu á yfirræðum ekki til hagstæðari lánakjara eða aðgangs að lánsfé fyrir GR.
- (170) ESA vekur einnig athygli á að í kjölfar samþykktar ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn voru engar athugasemdir lagðar fram sem stangast á við mat ESA að því er varðar það hvort ráðstöfun hafi verið að tilstuðlan ríkisins og leitt til ívilnunar.

⁽¹²⁸⁾ Skjöl í viðauka E við skjal nr. 1262679.

⁽¹²⁹⁾ Skjal nr. 1378355.

⁽¹³⁰⁾ Skjal nr. 1118758.

⁽¹³¹⁾ Ákvörðun PFS nr. 3/2019 frá 20. febrúar 2019, 352. og 353. mgr.

⁽¹³²⁾ Skjal nr. 1378355.

⁽¹³³⁾ Sjá t.d. dóm Dómstóls Evrópusambandsins frá 19. september 2018, *framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gegn Lýðveldinu Frakklandi og IFP Énergies nouvelles*, C-438/16 P, EU:C:2018:737, 110. mgr.

- (171) Er það niðurstaða ESA að ráðstöfun 4 feli ekki í sér íhlutun af hálfu ríkisins eða með fjármunum ríkisins, sem unnt er að rekja til ríkisins. ESA telur einnig að ráðstöfunin hafi ekki leitt til ívilnunar fyrir GR. Þar sem ekki eru uppfyllt öll skilyrði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, er ráðstöfun 4 ekki ríkisaðstoð í skilningi ákvæðisins.

5 Niðurstaða

- (172) Það er niðurstaða ESA á grundvelli framangreinds mats að ráðstafanir 1 til 4 feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins af hálfu OR til GR.

Hefur samþykkt eftirfarandi ákvörðun:

1. gr.

Ráðstafanir 1 til 4 fela ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins af hálfu OR til GR. Formlegri rannsókn er hér með lokið.

2. gr.

Ákvörðunin beinist að Íslandi.

3. gr.

Einungis er gild hin enska útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 21. júní 2023.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Arne Røksund
forseti
stjórnarmaður sem fer með
málaflokkinn

Árni Páll Árnason
stjórnarmaður

Stefan Barriga
stjórnarmaður

Melpo-Menie Joséphidès
meðáritar sem deildarstjóri
lagaskrifstofu

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2024/EES/4/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	31. ágúst 2023
Málsnúmer	90879
Ákvörðun	125/23/COL
EFTA-ríki	Ísland
